

Klukkan tifar há konum

Silja, Inga Sif og Kristín hafa allar eignast börn einar með tækni- eða glasafrjóvgun. > 26



Þetta er ekki búíð

Óskar Hallgrímsson og Mariika Lobyntseva eru búsett í Kænugarði og hafa fylgst með stríðinu við Rússa frá upphafi. > 28



Koddaslagur Svens.

Säman gegn
hvítu rusli.



FRÉTTABLAÐIÐ

144. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 16. JÚLÍ 2022

Hausinn gat alltaf meira en líkaminn

Sonja Símonardóttir stefndi á sína fyrstu keppni í hálfum Járnkarli þegar hún veiktist lífshættulega. Eftir fjölliðfærakerfabilun og níu daga í öndunarvél var Sonju sagt að gleyma öllum keppnum en hálfu ári síðar kom hún öllum á óvart. > 22

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

HVERNIG LÚKKAR ÞITT FÓTBOLTASUMAR?

Sjónvörp og hljóðstangir í úrvali



ELKO



Á Hólmavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útlendingar aftur í Galdrasafninu

gar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA „Hér er allt að verða eins og fyrir Covid,“ segir Þórunn Einarsdóttir, kokkur á Kaffi Galdri á Hólmavík, um aðsóknina að veitingastaðnum og hinu sambyggða Galdrasafni það sem af sumri.



Hér er allt að verða eins og fyrir Covid.

Þórunn Einarsdóttir, kokkur á Kaffi Galdri

„Júlí fór hægt af stað en er að koma til. Júní var aftur á móti góður,“ segir Þórunn um aðsóknina. Breytingin sé ekki síst fólgin í því frá tveimur síðustu sumrum að nú séu erlendu ferðamennirnir komnir aftur. ■

Er nauðsynlegt að skjóta þá?



Samtök grænkeru og fleiri komu saman á Austurvelli í gær til að mótmæla hvalveiðum sem hófust aftur í sumar eftir nokkurt hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Neysla afurða dróst mest saman á Íslandi í faraldrinum af Evrópuríkjum

kristinnhaukur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Samdráttur í neyslu á Íslandi var rúmlega sexfaldur miðað við Evrópu fyrsta árið sem Covid-19 faraldurinn gekk yfir. Það er þegar lítið er til efnismagns á hvern íbúa.

Árið 2019 neytti meðal Íslendingur rétt rúmra 20 tonna af ýmiss konar efni. Þar af 8,5 tonna af steinefnum, 4,5 tonna af lífrænum efnum og 3,5 tonna af jarðefnum. Árið 2020 hrundi meðalneyslan niður í rétt rúm 15 tonn, samdráttur um heil 25 prósent.

Til samanburðar dróst meðalneyslan í Evrópu saman úr 14,2 tonnnum í 13,6, eða um 4 prósent.

Samdráttur var í flestum Evrópulöndum en hvergi eins mikill og á Íslandi. Neysla jókst í Eystrasaltslöndunum, Rúmeníu, Möltu,



Íslendingar neyttu 2 tonna af málmum árið 2020.



Meðal Íslendingur neytti rúmlega 15 tonna árið 2020.

Austurríki og Finnlandi. Neysla er einmitt mest í Finnlandi, heil 33 tonn á hvern íbúa. En minnst á Ítalíu, aðeins 7,7 tonn. ■

Veðurfræðingur segir spáð svakalegum hita á leikdag

Rauðar og appelsínugular viðvaranir hafa verið gefnar út vegna hitabylgju á Bretlandseyjum á mánudag og þriðjudag. Íslenska landsliðið í knattspyrnu leikur sinn síðasta leik í riðlakeppni EM í Rotherham á mánudaginn.

aron@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR „Já, vá,“ eru fyrstu viðbrögð veðurfræðingsins Þorsteins V. Jónssonar hjá Veðurstofu Íslands, þegar lesin er fyrir hann veðurspáin fyrir Rotherham-svæðið á leikdegi Íslands og Frakklands á mánudag. Gert er ráð fyrir hita í kringum þrjátíu og sjö gráður.

„Þetta eru svakalegar hitatölur sem verið er að spá á þessu svæði bæði fyrir mánudaginn og þriðjudag,“ segir Þorsteinn. „Það hefur verið að ganga yfir Evrópu viðvarandi og óvenjuleg hitabylgja og til að mynda hafa verið gefnar út rauðar viðvaranir í Portúgal sem og appelsínugular viðvaranir á Spáni vegna hita en hafa ber í huga að slíkt er ekki óvanalegt á þessum svæðum.“

Það er hins vegar sjaldgæft að sjá rauða hitaviðvörðun gefna út á Bretlandseyjum.“

Að sögn Þorsteins er það farið að gerast nánast á hverju ári að upp komi hitabylgja á borð við þá í Evrópu þar sem hitinn fer yfir meðaltalið.

„En þetta eru einstaklega hlýir dagar þarna á mánudag og þriðjudag á Bretlandseyjum og þar af leiðandi þarna í og við Rotherham þar sem leikurinn fer fram,“ segir hann.

Bendir Þorsteinn á að klukkan sjö að kvöldi, þegar leikurinn gegn Frökkum fer af stað, er spáð hitatölum í kringum þrjátíu og sjö stig. „Sólin verður að visu farin að



Stuðningsmenn íslenska landsliðsins sem staddir eru í Bretlandi þurfa að muna eftir sólarvörninni á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Klukkan sjö að kvöldi til þegar leikurinn fer af stað er enn verið að spá hitatölum í kringum þrjátíu og sjö stig.



Þorsteinn V. Jónsson, hjá Veðurstofu Íslands

lækka á lofti en samt sem áður er miklum hita spáð,“ varar Þorsteinn við.

Fólk á svæðinu verði að huga einstaklega vel að sér á slíkum dögum. „Fólk þarf að fara varlega í svona hita. Bera á sig sólarvörn, passa að drekka vel af vatni, skýla andlitinu með höttum og öðru slíku og halda sig í skugganum,“ segir Þorsteinn, sem enn fremur ráðleggur Íslendingum á svæðinu að innbyrða ekki mikið af áfengi.

„Menn þorna hratt upp við neyslu áfengis en það er kannski erfitt að koma því að hjá fólki sem er á leið á völinn á mánudaginn,“ segir Þorsteinn og hlær.

Rætt er við Ásmund Haraldsson, aðstoðarþjálfara íslenska landsliðsins í knattspyrnu, á íþróttasíðu Fréttablaðsins um það hvernig liðið ætlar sér að takast á við þær erfiðu aðstæður sem munu skapast á leikdegi gegn Frökkum. ■

Snertilausir rofar

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá

GEZE

Þýsk gæðavara.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
WWW.JARNGLER.IS



AFGERANDI

TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga

Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU

998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.



TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaptúni
Kaптúни 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Heimilin stígi á neyslubremsuna

magdalena@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Greining Íslandsbanka gerir ráð fyrir að heimilin muni stíga á neyslubremsuna síðar á árinu en kortavelta landsmanna í júní var sú næstmesta frá upphafi. Velta utan landsteinanna skýrir öran vöxt milli ára. Vaxandi svart-sýni meðal almennings og hægari vöxtur kaupmáttar hefur ekki enn sýnileg áhrif á neyslulífa en von er á að þróunin muni snúast við á næstu misserum.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka, segir í samtali við Fréttablaðið að stór þáttur í þeim væntingum sé fall á væntingavísitölunni.

„Það auðvitað endurspeglar áhyggjur af verðbólgunni og tví-sýnni efnahagshorfur á heimsvísu,“ segir Jón Bjarki og vísar í að fólk hafi áhyggjur af stríðinu í Úkraínu og þá stöðu að efnahagshorfur séu svartari en áður víðs vegar í heiminum. Einnig megi nefna brattar vaxtahækkningar Seðlabankans sem leiði til hækkandi vaxtastigs í landinu og dragi úr ráðstöfunartekjum hjá hluta almennings.



Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka

„Svo neikvæðar fréttir leggjast gjarnan illa í almenning og draga úr neyslugleði. Það er líka annað sem verðbólgan gerir og það er að rýra kaupmáttinn.“

Jón Bjarki bætir við að heimilin hafi mörg hver fengið nokkuð myndarlega kaupmáttaraukningu á fyrstu fimm mánuðum ársins með launahækkunum í janúar og aftur í tengslum við hagvaxtaraukningu.

„Fæstir eru að fá frekari hækkunar á launum fyrr en samningar takast sem losna í októberlok. Traust fólks á því að það muni hafa það gott fjárhagslega næsta kastid hefur dvínað og mun það líklega hafa áhrif á neyslulífa.“ ■

Neysluskammtar verða ekki afgangspavæddir

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Willum Þór Þórs-son heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að neysluskammtar fíkniefna verði ekki afgangspavæddir. Þess í stað verður refsing afnumin fyrir veikasta hóp samfélagsins en aðeins í tilteknum tilvikum og með tiltekið magn tiltekinna fíkniefna. Verður frumvarp þess efnis lagt fram í vetur.

Þingflokkur Pírata hefur áður lagt fram frumvarp um afgangspavæðingu neysluskammta og Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, lagði fram samskonar frumvarp en hvorug náðu



Tvöfalt fleiri fíkniefningar sitja í íslenskum fangelsum en evrópskum.

væðingu neysluskammta og Svandís Svavarsdóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, lagði fram samskonar frumvarp en hvorug náðu

þau í gegn. Ísland rekur afar harða refsistefnu í fíkniefnamálum og í íslenskum fangelsum sitja tvöfalt fleiri fíkniefningar en annars staðar í Evrópu. Skoðanakannanir sýna hins vegar að mikill meirihluti landsmanna styður afgangspavæðingu neysluskammta.

Willum stefndi á að leggja fram frumvarp um afgangspavæðingu liðinn vetur en hætti við það og skipaði þess í stað nefnd. „Í þeirri vinnu sem nú þegar hefur farið fram í höpnum er talið ljóst að heiti fyrra

frumvarps, afgangspavæðing neysluskammta, endurspeglar ekki nægilega vel hlutverk starfshópsins,“ segir í lýsingu málsins í samráðsgátt stjórnvalda. Þess í stað er notað hugtakið „Afnám refsingar“. Má ætla að lögregla muni áfram hafa heimild til þess að taka skammta af fólki.

Ekki liggur fyrir hvaða fólk tilheyri „veikasta hópnum“ samkvæmt lagasetningunni eða í hvaða tilvikum refsileysið eigi við, fyrir hvaða magn efna og eða hvaða efni. ■

Gistiverð geti skaðað orðspor Íslands

Móttökustjóri á hóteli segist nánast daglega sjá neikvæðar umsagnir hótलगesta sem kvartí undan verðlagningu. Hún hefur ekki orðið vitni að öðru eins.

bth@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Erlendir ferðamenn segja að hátt verð á gistingu spilli helst annars ánægjulegri upplifun þeirra af Íslandi. Starfsmaður Icelandair hótels í Mývatnssveit segir um varhugaverða þróun að ræða þar sem ekki sé samræmi milli gæða og verðlagningar.

Eftir Covid-dvalann hefur verð á þjónustu víða um heim hækkad nokkuð og Ísland er þar engin undantekning. Fréttablaðið er á fyrrireið um landið og hefur rætt við nokkra erlenda gesti um þeirra upplifun á verðlagningu. Greg Wallace og Clifton Cong eru á ferð í Mývatnssveit og segjast þeir hafa brugðið á það ráð áður en þeir tóku þá ákvörðun að heimsækja Ísland að sleppa því hreinlega að gista á hóteli.

„Maður vissi að Ísland væri ekki ódýrt land og við hegðum okkur í samræmi við það,“ sögðu þeir ferðalangar, brosandí í sólinni í Mývatnssveitinni í gær. Þeir eru Ameríkanar og segjast hafa flutt með sér megnið af matnum sem þeir muni neyta hér.

Ferðamenn við Skútustaði og í Dimmuborgum lýstu mismunandi viðhorfum. Franskur ferðamaður sagði hótelið allt of hátt. „Nei, ég vil ekki móðga ykkur,“ sagði hann þegar spurt var um nafn. Annar erlendir ferðamaður benti á að í sumum Evrópuríkjum mældist verðbólga nú allt að 16 prósent en samt hefði verð á gistingu á hóteli ekki hækkad í sumar. Það væri varla verjandi að eins manns herbergi kosti nú víða 45.000-65.000



Þeir Greg og Clifton fundu lausn í íslensku dýrtíðinni. Þeir gista ekki á hóteli og fluttu með sér matinn frá Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN ÞORLÁKSSON



Þessir Ameríkanar biðu þess að komast á klósettið í Mývatnssveitinni. Ameríkanar eru nú verðmætasti kunnahópurinn í ferðaþjónustunni.



Margir verða óánægðir, því þeim finnst ekki samræmi milli verðlags og þeirra gæða sem eru í boði.

Claudia Kawalez, móttökustjóri á Icelandair hóteliinu í Reynihlíð

krónur og enginn lúxus fylgi með.

Claudia Kawalez er móttökustjóri í Icelandair hóteliinu í Reynihlíð. Hún segist kannast við vaxandi óánægju með verðlagningu á gistingu.

„Við sjáum í umsögnum gesta að fleiri tala neikvætt um gistiverðið á Íslandi en þau sumur sem ég hef starfað í ferðaþjónustu hér,“ segir Claudia. „Þetta ástand hefur ekki neikvæð áhrif á bókanir, ekki þetta sumarið, en það er spurning hvað gerist til framtíðar,“ bætir móttökustjórinn við.

Claudia segir að ef hún beri sumarið saman við sumrin fyrir Covid hafi hótलगestir almennt verið ánægðir með allt.

„Nú er þetta að breytast, væntingar ferðamanna um þjónustu vaxa vegna hins háa gistiverðs. Margir verða óánægðir, því þeim finnst ekki samræmi milli verðlags og þeirra gæða sem eru í boði,“ segir Claudia. „Ég held að ferðamenn séu síður líklegir en áður til að mæla með Íslandi við vini og fjölskyldu vegna þessa.“

Claudia segir þetta vandamál. „Ég hef aldrei séð gesti nefna reglulega að verðið sé allt of hátt, ekki fyrr en í sumar. Nú kemur þetta nánast daglega fram,“ segir hún. ■

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM

BJÓÐUM UPP Á 37"-40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MED 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

EMBRACE THE EFFECT

Heilbrigð húð.

Mjúk og vel nærð húð í allt sumar.
Sumarlegur kaupauki fylgir þegar
verslað er fyrir 15.000 kr. eða meira.



BIOEFFECT

Kaupauki fylgir á bioeffect.is og í verslun BIOEFFECT, Hafnarstræti 19.



Biden fundaði með Mahmúd Abbas í Palestínu áður en hann hélt áfram til Sádi-Arabíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Biden leitar á náðir Sádi-Araba

thorgrimur@frettabladid.is

SÁDI-ARABÍA Joe Biden Bandaríkjaforseti er kominn til Sádi-Arabíu og mun funda með krónprinsinum Múhameð bin Salman, hinum eiginlega stjórnanda landsins, í dag. Biden kemur til Sádi-Arabíu eftir heimsókn sína til Ísraels og Palestínu. Í Ísrael fundaði Biden með Yair Lapid forsætisráðherra og skrifaði undir sameiginlega yfirlýsingu ríkjanna um að stefnt verði að því að koma í veg fyrir að Íran komist yfir kjarnorkuvopn.

Í Palestínu, nánar tiltekið á Vesturbakkanum, hittir Biden Mahmúd Abbas Palestínuforseta. Biden ítrekaði stuðning sinn við friðarsamkomulag til að binda enda á hernám Ísraels og staðfesta sjálfstæði Palestínu en hann sagðist þó ekki sjá grundvöll fyrir frekari viðræðum þess efnis að svo búnu.

Líklegt er að olíuverð verði í fyrirrími á fundi Bidens með Múhameð bin Salman. Eldsneytisverð hefur hækkað verulega og undanförunu, sérstaklega eftir innrásina í Úkraínu, og Sádi-Arabía hefur nokkra burði til að hafa þar áhrif með olíuframleiðslu sinni. Biden og bin Salman hafa hins vegar átt í stírdú sambandi, sér í lagi vegna morðsins á sádi-arabíska blaðamanninum Jamal Khashoggi árið 2018. Biden hafði áður hótad að gera Sádi-Arabíu að „alþjóðlegu úrhaki“ vegna morðsins. ■

Fá verðmæti þjóðareignar í eigin vasa

Salan á Vísi í Grindavík dregur skýrt fram í dagsljósið að verðmæti útgerða liggur að stærstum hluta í kvótaeign þeirra en ekki rekstri og skipastól.

olafur@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR Kaup Síldarvinnslunnar í Neskaupstað á Vísi hf. í Grindavík hafa vakið mikla athygli. Í grein, sem birtist í Fréttablaðinu í gær, bendir Þórólfur Matthíason hagfræðiprófessor á að eigið fé útgerðarfyrirtækja sé verulega vanmetið í efnahagsreikningum þeirra og því sé sú eignastaða sem endurskoðendur staðfesta í raun skáldskapur einn.

Þórólfur bendir á að þrátt fyrir að eigið fé Vísis hf. hafi einungis numið 6,8 milljörðum króna í lok árs 2020 samkvæmt efnahagsreikningi sé það nú selt á riflega 20 milljarða. Þetta gefur til kynna að vanmat eigna hafi numið meira en 13 milljörðum.

Samkvæmt þessu er ekki fjarri lagi að verðmæti reksturs og hreinnar eignar Vísis hf. hafi verið um sjö milljarðar. Mismunurinn á þessari tölu og söluverði umfram yfirteknar skuldir er þá verðmæti kvótans sem Vísi hefur, en Vísi er handhafi um 5,4 prósent þorskvótans, auk þess sem félagið er handhafi kvóta í fleiri fisktegundum.

Erfingjar stofnenda Vísis, sex talsins, sem nú fá 3,3 milljarða í sinn hlut vegna sölnunnar hver, eru því að fá riflega milljarð hver í sinn hlut vegna fyrirtækisins, eigna þess og reksturs, en rösklega tvo milljarða vegna kvótans sem fylgir með í sölnunni.

Kvótinn er þjóðareign samkvæmt lögum en þarna eru sex einstaklingar að selja þjóðareignina og setja andvirðið í eigin vasa. Þjóðareignin er meira en 2/3 hlutar þess sem Visissystkinin eru að selja.

Samkvæmt þessari sölu er þorsgildistonið metið á nálega 2.556 krónur. Gangverð á þorsgildistonninu á markaði hefur að undan-



Í vetur flæddi inn til Vísis í Grindavík vegna mikils öldugangs en nú hefur fyrirtækið verið selt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þórólfur Matthíason, hagfræðiprófessor



Samkvæmt þessari sölu er þorsgildistonið metið á nálega 2.556 krónur.

förnu verið í námunda við 4.000 krónur þannig að kaupendur og seljendur hafa samið um verð á kvótanum sem er talsvert lægra en gangverð á markaði. Væntanlega er slíkt talið eðlilegt þegar meira en fimm prósent kvótans skipta um hendur.

Þórður Gunnarsson hagfræðingur skrifaði grein sem birtist á visir.is í vikunni þar sem hann veltir því upp að með þessari sölu á Vísi með aflaheimildum fyrirtækisins sé ef til vill komin uppskrift að verðlagningu óskræðra sjávarútvegsfyrirtækja í samrunahrinu sem hann býst við á næstu árum.

um rétt um 1.200 milljarða virði.

Ef er horft er til þess „afsláttar“ frá markaðsverði kvóta sem birtist í kaupum Síldarvinnslunnar á Vísi lætur nærri að heildarverðmæti kvótans sé mun lægra.

Engu að síður er ljóst að eigendur útgerðarfyrirtækja sem hafa aflaheimildir til ráðstöfunar geta selt þjóðareignina sem sína eigin eign.

Þegar hlutabréfin í Samherja voru flutt til nýrrar kynslóðar fyrir nokkrum misserum var verðmæti kvótans, sem fylgdi með, ekki talið með í yfirfærslunni, enda kemur verðmæti kvótans ekki fram í efnahagsreikningum fyrirtækjanna sem fyrir segir. Sú tilfærsla var innan fjölskyldu. Þegar fyrirtæki með kvóta eru seld út úr fjölskyldum birtist hins vegar verðmæti kvótans í söluverðinu eins og glögglega má sjá af því að 2/3 hlutar söluandvirðis Vísis virðast vera vegna kvóta og einskis annars. ■

Þjóðkirkjan telur fækkun alvarlega

bth@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Í fyrsta skipti í sögunni mældist hlutfall landsmanna, skráð í þjóðkirkjuna, undir 60 prósentum samkvæmt nýjum tölum hjá Þjóðskrá. Árið 1992 voru 92,2 prósent landsmanna skráð í þjóðkirkjuna.

Frá 1. desember 2021 hefur mest fjölgun orðið í Síðmennt eða um 6,3 prósent. Meðal þátta sem skýra fækkun er stóruáttakning í kaþólsku kirkjunni með vaxandi fjölda Pólverja og fleiri innflytjenda hér á landi. Þá er tæpur áratugur síðan fallið var frá að nýfædd börn væru sjálfkrafa skráð í trúfélög móður, sem oftast var þjóðkirkjan.

Pétur Georg Markan biskupsritari segir að mælingin nú hafi lítið að gera með aðskilnað ríkis og kirkju, enda hafi sá aðskilnaður í meginatriðum orðið áramótin 2020-2021 þegar þjóðkirkjan varð sjálfstæð um eigin fjárhag og innri málefni.

„Hins vegar hefur fækkun í sókn-um landsins, sem halda uppi þeirri þjónustu sem fólkið í landinu nýtur í hverfum sínum, mikil áhrif á rekstur þeirra og starf. Það helgast af því að sóknargjöld dragast saman og aukast eftir skráningu í þjóðkirkjuna. Fækkun í þjóðkirkjuna hefur því áhrif á þjónustu við fólkið í landinu. Það eru mestu áhrifin,“ segir Pétur.



Á 30 árum hefur hlutfall skráðra í þjóðkirkjuna lækkað úr rúmlega 92 prósentum í undir 60. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þjóðkirkjan tekur því alvarlega að það fækki í henni.



Pétur Markan, biskupsritari

Biskupsembættið tekur þó þróuninni ekki af neinni léttuð að sögn biskupsritara. „Þjóðkirkjan tekur því alvarlega að það fækki í henni. Það er mín trú að þessi þróun leiti jafnvægis. Góð leið til að snúa þróuninni við, sem er sam-eiginlegt verkefni okkar allra sem í kirkjunni störfum, er að mæta verkefninu af auðmýkt, skilningi, og festu,“ segir Pétur. Hann segir mikilvægt að hafa í huga að kjarnaerindi kirkjunnar eigi alltaf við á öllum tímum.

„Framtíð þjóðkirkjunnar er björt og framtíðarverkefnið krefjandi og spennandi.“ ■

PRINCE POLO
TAKTU ÞÁTT
Í SUMARLEIK PRINCE POLO!
VINNINGAR
GJAFABRÉF
Í UTANLANDSFERÐIR
Heimsferðir
PRINCE POLO XXX
CLASSIC
PRINCEPOLO.IS

KRÓNAN

ÞAÐ MÁ, LEIKA SÉR AÐ MATNUM!

Gómsætar lúxus steikur á grillið í sumar!



Mmm ...
Prófaðu
Chimichurri
á steikina!



Ferskur maís

199 kr. stk.

Toppkál - gott á grillið

249 kr. stk.



Chimichurri kryddsmjör

1099 kr. stk.



Mexican Street corn

1598 kr. pk.



Lamba sirlain, 500 g

3999 kr. pk.



T-bone með chimichurri smjóri, 500 g

6498 kr. pk.



New York strip, 400 g

5198 kr. pk.



Nauta Entrecote / Rib Eye

3799 kr. kg.

Verð áður 6998 kr. kg.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

RIF

RESTAURANT


3

ÁRA


Við fögnum 3 ára
afmæli núna í júlí!



Á síðustu 3 árum
höfum við tekið á móti
360.000
gestum, sem er
næstum því allt Ísland!



★ ★ ★ ★ ★
f /rifrestaurant
o /rifrestaurant



2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIDSTÖÐ | rif.is



Þverá í Bjarnarfirði rennur ofan úr hliðunum í jörð Svanshóls og í Bjarnarfjarðará þar fyrir neðan.

MYND/ADSEND

Vill virkja í Steingrímsfirði og Bjarnarfirði á Ströndum

Virkjanir í Bjarnarfirði og Steingrímsfirði á Ströndum gætu átt þátt í að auka raforkuöryggi svæðisins, segir framkvæmdastjóri Smávirkjana ehf. Fullt sé af vannýttum möguleikum víða um land.

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL „Ég hef haft áhyggjur af því í langa hrið að það yrði raforkuskortur á Íslandi,“ segir Erla Björk Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Smávirkjana ehf. sem hyggur á smávirkjanir í Bjarnarfirði og Steingrímsfirði á Ströndum.

Erla segir að áhyggjur hennar byggist á því hvernig ýmislegt hefur gengið til í raforkumálunum og nefnir þar rammaáætlun stjórnvalda varðandi virkjanakosti sérstaklega. Þá sé flutningskerfi raforku ábótavant.

„Þótt það sé komið leyfi fyrir stórvirkjunum er ekki hægt að tengja þær nema á suðvesturhorninu,“ segir Erla. Hún bendir á að virkjanir sem eru tíu megavatta eða minni tengist ekki við flutningskerfið heldur dreifikerfið og þurfi því ekki að fara í gegnum rammaáætlun. „Þannig að það er auðveldara að koma þeim í gagnið heldur en stærri virkjunum. Þá geta svæðin kannski orðið sjálfbær í orkumálum.“

Áform Smávirkjana ehf. eru sögð byggja á skýrslu sem Verkisvann fyrir Vestfjarðastofu um hagkvæma virkjunarkosti á Vestfjarðakjálkanum. Virkjanir í Seljaá

í Steingrímsfirði og Þverá í Bjarnarfirði eru meðal átján möguleika sem nefndir eru í skýrslunni. Fyrri virkjunin er sögð geta framleitt 9,22 gígavattsstundir af rafmagni og sú síðari 8,14 gígavattsstundir. Uppsett afl þessara tveggja virkjana er sagt mundu verða samtals 3,7 megavött.

Erla bendir á að á Vestfjörðum þurfi dísilorku til að bæta skort í raforkukerfinu. „Raforkuframléiðsla á þessu svæði gæti kannski sparað Orkubúi Vestfjarða að reka dísilvélur á Hólmavík,“ segir hún.

Að sögn Erlu hefur það um árabíl staðið uppbyggingu atvinnuvega fyrir þrifum að ekki sé hægt að afhenda orku.

„Það er fiskeldi og margt sem þarf á orku að halda til framtíðar. Við þurfum að geta framleitt rafeldsneyti í framtíðinni ef við ætlum að geta verið án jarðefnaeldsneytis,“ undirstrikar Erla.

Báðar fyrrnefndar virkjanir myndu þurfa inntakslón til að hindra að loft berist í þær og til að geta jafnað raforkuframléiðsluna að einhverju leyti þar sem árnar verði vatnslitlar á köflum. Aðspurð segir Erla enn ekki liggja fyrir hvar slík inntakslón yrðu.

„Það er alveg hægt að ganga þannig huggulega frá því að það þurfi ekki að valda miklum umhverfisspjöllum. Svona minni virkjanir þurfa ekki að verða neitt yfirþyrmandi mannvirki í umhverfinu ef vel er að staðið,“ segir Erla.

Áform Smávirkjana voru kynnt fyrir sveitarstjórn Kaldraness á



Erla Björk Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Smávirkjana ehf.



Smávirkjanir ehf. eru í eigu Verkfræðistofunnar Afls og orku sem er dótturfélag fyrirtækisins Rafals. Aðaleigandi þess er Valdimar Kristjánsson.

dögunum og óskað eftir leiðsögn varðandi framgang málsins.

„Þessir heimamenn að minnsta kosti voru mjög spenntir,“ svarar Erla aðspurð um undirtektir heima-
manna.

„Við hyggjumst reyna að byggja virkjanir úti um land. Það er fullt af vannýttum möguleikum og ýmsir áhugasamir. Vonandi gengur okkur vel að afla okkur frekari verkefna þannig að við getum tryggt raforkuöryggi og raforkuframboð víða um land.“ ■

Íhugar að hætta að selja eigin vörur

magdalena@frettabladid.is

VÍÐSKIPTI Netverslunin Amazon hefur dregið verulega úr fjölda þeirra vörumerkja sem hún selur undir eigin merkjum og íhugar að hætta sölu þeirra alfaríð. Vörur sem seldar eru undir merkjum Amazon telja um 243.000 undir 45 vörumerkjum.

Fyrirtækið hefur lengi íhugað að draga úr fjölda þeirra vara sem seldar eru undir vörumerkjum fyrirtækisins sökum þess að þær eru í samkeppni við aðrar vörur



Amazon hóf að selja eigin vörur árið 2009 en íhugar nú að hætta sölu þeirra alfaríð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

í netversluninni og salan á þeim hefur verið dræm. Amazon hefur verið gagnrýnt á síðastliðnum árum fyrir að hygla sínum eigin vörum á kostnað annarra vara sem seldar eru á vefsíðu Amazon.

Síðastliðna sex mánuði hafa stjórnendur Amazon fyrirskipað starfsfólki í vöruteymi fyrirtækisins að taka úr sölu vörurnar eða að minnsta kosti ekki endurpanta þær. Amazon mun því nú einblína á þær vörur sem seljast best en þeirra eigin vörur eru ekki þar á meðal. Amazon hóf að selja eigin vörur árið 2009. ■



Íslandsbanki valinn besti bankinn á Íslandi

Alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney hefur valið Íslandsbanka besta bankann á Íslandi. Hið virta tímarit útnefnir árlega bestu bankana í um 100 löndum út frá ýmsum þáttum.

Það er okkur sannur heiður að fá þessa mikilvægu viðurkenningu og við þökkum viðskiptavinum og starfsfólki þennan frábæra árangur.





Gróðureldar hafa geislað um allt Portúgal í hitabylgjunni sem stendur yfir og hefur fjöldi hús orðið eldinum að bráð. Víða hefur hitinn farið yfir fjörutíu gráður. Hér hleypur verkamaður í timburverk-smiðju í Albergaria a Velha undan eldhafinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Evrópa skrælnar

thorgrimur@frettabladid.is

Hundruðum manna var forðað frá heimilum sínum vegna gróðurelda sem geisluðu á Spáni, í Frakklandi og Portúgal á föstudaginn. Embættismenn víða um Evrópu hafa gefið út viðvaranir vegna yfirstandandi hitabylgju í álfunni sem hefur jafrað við fjörutíu gráður þar sem verst er og hefur kveikt suma verstu gróðureldana á síðustu áratugum.

Alþjóðaveðurfræðistofnunin varaði í gær við því að hitabylgjan kæmi til með að fanga mengunarfni í andrúmsloftinu og draga þannig úr loftgæðum, sér í lagi í borgum og bæjum. Frá 7. til 13. júlí voru 238 dauðsföll skráð í Portúgal í tengslum við hitabylgjuna. Í Bretlandi hefur verið spáð hitameti á mánudaginn og þriðjudaginn og rauðar viðvaranir voru gefnar út í hlutum Englands í fyrsta skipti. ■



Slökkviliðsmaður reynir að hafa hemil á skógareldum í La Teste de Buch í Gironde í suðvesturhluta Frakklands. Héraðið glímir nú við viðamestu elda í um tuttugu ár. Alls hafa um 2.800 hektarar lands brunnið, rúmlega 6.500 manns hefur verið forðað frá svæðinu og tæplega 600 slökkviliðsmenn sendir á vettvang.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Hjólbarði liggur hér á þurrum botni þess sem á að vera hluti Lindoso-vatnsbólsins nærri Orense á Spáni. Í byrjun sumarsins voru vatnsból Spánar um tuttugu prósentum undir meðalvatnsmagni vegna þurka.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Fyrir viku sveif svart reykiský yfir Cinecittà-hverfinu í Róm vegna elds sem kviknaði í Centocelle-fornleifagarðinum í austurhluta borgarinnar og breiddist út í bílhutavörðuhús í hverfinu. Borgaryfirvöld báðu fólk að halda sig frá svæðinu vegna möguleikans á eiturgufum í reyknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Slökkviliðsflugvél sprautar vatni yfir skógarelda á Datça-skaganum í Tyrklandi. Tyrkneskir embættismenn tilkynntu á fimmtudag að stjórn hefði náðst á eldunum um sólarhring eftir að þeir kviknuðu. Það tók sjö flugvélar og fjórtán þylur til að hafa hemil á eldunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fágun. Fegurð. Fullkominun.

Mercedes-Benz GLE Plug-in hybrid, leiðtoginn í flokki lúxusjeppa.

- 31 kWh rafhlaða
- 94 km drægi
- Dráttargeta allt að 3500 kg.



Mikið afl, ríkulegur búnaður og einstök hljóðvist.
Veldu fyrsta farrými. Veldu Mercedes Benz.

Komdu og reynsluaktu.
Opið í dag 11-15.



Þeir sem ráða



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það er komið að ögurstundu í auðræðinu á Íslandi. Það er komið að þeim tíma sem íbúar þessa lands verða að gera upp við sig hverjir raunverulega ráða.

Auðurinn eða alþýðan. Valið stendur þar á milli. Það er ekki flóknara en svo.

Og stærsta og áleitnasta spurningin í öllu því mengi er auðvitað sú hvort lýðræðið virki á Íslandi, eða hvort það sé búið að kippa því úr sambandi; fólk kjósi en fái svo allt aðra niðurstöðu en atkvæðakassarnir höfðu að geyma.

Þetta er meginspurningin í íslensku samfélagi nú um stundir – og ekki bara í pólitík, því hún getur á stundum verið snakkið eitt og froða um fyrirsjáanlega niðurstöðu sem engu skiptir, heldur snýst þetta öðru fremur um rétt almennings, hvort hann sé einhver eða enginn, hvort hann sé arðrændur eða ekki.

Það hillir undir að þrjár fjölskylduútgærðir eignist auðæfin í sjónum. Óafturkræft. Og geti leyst út hagnaðinn af hlutdeild sinni í aflaheimildum landsmanna. Það er með öðrum orðum búið að koma kvótagegninni ofan í vasa valdra landsmanna sem geta gengið frá rekstri sinna fyrirtækja með andvirði óveiddra fiska á bankareikningnum sínum.

Ólígarkavæðing íslensks samfélags er á fleygiferð. Óheyrileg auðsöfnun örfarra eigenda að svokallaðri þjóðarauðlind er óspart nýtt til að sölsa undir sig fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi. Sú þróun hefur verið greinileg á síðustu áratugum. Og hún hefur líklega aldrei verið jafn áberandi og á allra síðustu árum.

Og það er vegna þess að auðsöfnunin hefur verið látin algerlega átölulaust. Og það er sakir þess að valdaafsalíð er augljóst. Lög-gjafarsamkundu landsmanna er fyrirmunað að breyta hér nokkru. Svo hefur verið – og svo verður áfram.

Hún hefur í raun og sann verið rænd makt sinni og áhrifum – og breytir engu í þessum efnun þótt vilji þjóðarinnar hafi löngum staðið til annars.

Minnihlutinn ræður á Íslandi. Lítil og allsráðandi minnihluti. Pólitíkin hefur afhent honum öll yfirráð yfir sjávarauðlindinni í íslenskri efnahagslögsögu – og þessir fáu, sem ráða, hafa þakkað svo pent fyrir sig að þeir skrá kvótann sem erfðagóss.

Niðurstaðan er því þessi og hún er jafn ógnvænleg og hún er átakanlega sönn. Það ríkir auðræði á Íslandi, ekki lýðræði. Einu skiptir hvaða stjórnvöld koma og fara.

Útgerðin ræður. ■

”
Það hillir undir að þrjár fjölskylduútgærðir eignist auðævin í sjónum. Óafturkræft.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Mannkostir undir meðallagi



Sif Sigmarsdóttir

Árið 2016 varð hinn 25 ára Hugh Grosvenor yngsti milljarðamæringur Bretlands. Það voru þó hvorki afrek né verðleikar sem fleyttu honum á lista ríkustu manna veraldar.

Grosvenor-fjölskyldan á sér langa sögu af svimandi auðsöfnun þrátt fyrir mannkosti undir meðallagi. Fjölskyldunafnið sem og auðæfin má rekja aftur um þúsund ár. Forfadir og nafni Hugh var Normanninn Hugh „Le Grand Veneur“ (veiðimaðurinn mikli). Sá var stór vexti og var því uppnefndur „Le Gros Veneur“ (feiti veiðimaðurinn). Hugh þessi var handgenginn Vilhjálmi bastarði Englandskonungi og að launum hlaut hann mikið land. Það var svo árið 1677, þegar Thomas Grosvenor kvæntist hinni tólf ára Mary Davies, erfingja að votlendi sem síðar varð að finustu hverfum Lundúna, Mayfair og Belgravia, að ríkiðæmi fjölskyldunnar var tryggt.

Grosvenor-fjölskyldan var löngum sögð ekki vinna sér annað til frægðar en að „kaupa upp land eins og við hin kaupum brauð“. Í kjölfar þess að Viktoría drottning veitti Hugh Lupus Grosvenor hertogagn árið 1874 viðræði dagblaðið The Times efasemdir um ákvörðunina og spurði hvort fjölskyldan hefði nokkuð gert til að vinna til nafnbótarnar.

Grosvenor-hertogarnir gerðu lítið til að hrekja vantraust blaðsins. Einn varði öllum stundum við skotveiðar og drap sér til skemmtunar mörg þúsund fugla á dag. Annar krafðist þess að skóreiðar hans væru straujadar og mætti eftir herkuþvingu til heimsstyrjaldarinnar fyrir á Rolls Royce.

Gerald Grosvenor, sjötti hertoginn af Westminster og faðir yngsta milljarðamæringis Bretlands, skar sig ekki frá öðrum í ættleggnum. Í ævisögu hans segir að hann hafi verið bæði illgjarn og nískur. Hann sótti í gleðikonur en þrátt fyrir ríkiðæmi réði aðeins þær ódýrustu. Hann reifst við konurnar um verðið og greiddi þeim aldrei þjórfé. Hann vildi verða þekktur fyrir góðgerðarstarf-

semi en „án þess þó að þurfa að láta of mikið fé af hendi rakna“. Hann drakk kampavín í morgunmat, elskaði fátt meira en hraðakstur og tókst itrekað að komast hjá hraðasektum með því að ljúga því til að hann væri orðinn of seinn á góðgerðarsamkomu.

Eitt verður þó að teljast Gerald til tekna.

Barnið mitt, barnið þitt

„Hvert barn fær um 3,3 milljarða,“ sagði í bjartri fyrirsögn á visir.is í vikunni. Hvað átti nú að gera fyrir börnin? Bæta skólakerfið? Útrýma barnafátækt? Í ljós kom að hvorki var rétt um barnið mitt né barnið þitt.

Sildarvinnslan hefur keypt útgerðarfyrirtækið Vísí í Grindavík. Sex systkini sem erfðu útgerðina eftir foreldra sína verða við það milljarðamæringar. Samkvæmt greiningu á sölunni er þó ekki verið að selja afrakstur afreka og erfðis. Þóður Gunnarsson hagræðingur segir kaupverð Vísís „töluvert yfir rekstrarvirði“. Meginþorri greiðslunnar sé fyrir þorskkvóta fyrirtækisins sem fylgir með í kaupunum.

Gerald Grosvenor var eitt sinn spurður af upprifnum blaðamanni Financial Times hvaða ráð hann gæti gefið ungum athafnamönnum sem vildu leika eftir velgengni hans. Gerald mátti eiga eitt; hann var ekki haldinn nokkrum ranghugmyndum um eigin verðleika. Hann svaraði: „Að eiga forföður sem var góðvinur Vilhjálms bastarðar.“

Við Íslendingar stöndum á tímamótum. Við sölu Vísís blasir við að það sem er okkar í orði er annarra á borði.

Þegar Gerald Grosvenor lést óvænt árið 2016 varð Hugh sonur hans sjálfkrafa hertogi. Til er orðinn ættleggur íslenskra hertoga sem efnast ekki á dugnaði, atgervi eða hæfileikum heldur fyrir sögulega tilviljun. Ætlum við að láta aflaheimildir eftir afkomendum íslenskra Grosvenora – hinna feitu veiðimanna – eða ætlum við að krefjast þeirra handa afkomendum almennings þessa lands? ■

FRÉTTAVAKTIN
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA VAKTIN

HRINGBRAUT

”
Við sölu Vísís blasir við að það sem er okkar í orði er annarra á borði.

Hryðjuverkastarfsemi ekki háð þjóðerni eða trú



Mevlüt Cavuşoğlu
utanríkisráðgjafi
Tyrklands

Kvöldið 15. júlí 2016 hófu „hryðjuverkastöð Fethullahista“ (FETO) blóðuga valdaránstíraun gegn þjóðinni og ríkisstjórninni í landi mínu. Markmið þeirra var að koma á fót róttækri ríkisstjórn bókstafs-trúarmanna sem átti aðeins að sýna forsprakka samtakanna, Fethullah Gülen, hollustu.

Þegar hersveitir tengdar FETO héldu frá stöðvum sínum til að hertaka mikilvæga staði, svo sem brúna yfir Hellusund í Istanbul, og orrustuþotur og árásarþyrlur gerðu sprengjuárásir á mikilvæg skotmörk, meðal annars þinghúsið, byggingar forsetaembættisins, höfuðstöðvar hersins og lögreglunnar, flyktust þúsundir borgara út á göturnar til að stöðva þessa forðæmalausu og svívirðilegu valdaránstíraun. Samsærismennirnir drápu 251 saklausan borgara og særðu þúsundir manna. Þessa nótt varði tyrkneska þjóðin lýðræðið með lífi sínu. Þetta voru hetjuleg viðbrögð sem samsærismennirnir sáu ekki fyrir.

Til að skilja það sem gerðist þarf að skilja hið sanna eðli FETO. Samtökin voru stofnuð seint á sjöunda áratug 20. aldar sem svonefnd „trúarhreyfing“. Undir því yfirsíni að þau vildu efla menntun og stuðla að þvertrúarlegum viðræðum tókst þeim að leyna illum markmiðum sínum.

Paulskipulögðu og umfangsmiklu ráðabruddi, sem fólst í því að koma félögum og stuðningsmönnum FETO í herinn, lögregluna, dómstóla og margar stjórnsýslustofnanir, meðal annars ráðuneyti mitt, var fylgt eftir leynilega í áratugi í þágu viðtækra áætlunar og lokastigi hennar var hrint í framkvæmd 15. júlí 2016.

Hefði valdaránstíraunin tekist væri Tyrkland gerólikt því sem nú er. Lýðræði hefði þá heyrst sögunni til og grundvallarmannréttindi hefðu verið afnumin um óákveðinn tíma. Þjóðin hefði fallið í hendur ríkisstjórnar öfgamanna.

FETO stjórnadi ekki aðeins verulegum hluta menntastofnana landsins heldur réðu samtökin einnig yfir fjölda fjármálastofnana. Bankareikningar þeirra fituðu af fjárframlögum FETO-manna sem voru áberandi í iðnaði og verslun, auk embættismanna og manna úr röðum almennings. Margir saklausir borgarar voru gíntir til að styðja FETO fjárhagslega með því að misnota trúrækni þeirra. Gríðarlegar tekjur, sem samtökin höfðu af skólum víða um heim, voru látnar renna inn á þessa bankareikninga leynilega meðan beðið var eftir lokaáðgerð samsærismannanna.

Eftir þessa blóðugu valdaránstíraun 15. júlí 2016 hófst hreinsun á opinbera geiranum, meðal annars stjórnsýslustofnunum og hernum, sem og á einkageiranum, til höfuðs öllum mönnum og fyrirtækjum sem tengdust FETO. Nokkrir þekktir samsærismenn hafa verið handteknir. Aðrir hafa flúið réttvísa og fengið hæli í öðrum löndum. Leiðtogi hryðjuverkastakanna FETO, Fethullah Gülen, býr enn í Bandaríkjunum. Ríkisstjórn okkar hefur árum saman óskað eftir því að Gülen verði framseldur til Tyrklands frá Bandaríkjunum og að Evrópulönd framseljji félaga í FETO. Því miður hafa þau ekki enn orðið við þessum beiðnum.

Hins vegar fjölga ríkisstjórn

í öðrum heimshlutum sem skilja að þeim sjálfum stafar hættu af þessum hryðjuverkastökum og hafa gripið til nauðsynlegra aðgerða gegn þeim. FETO hefur stundað ólöglega starfsemi á borð við fölsun vegabréfsáritana, peningaþvætti og vopnabrásk. Þar af leiðandi hafa mörg lönd vikið félögum í FETO úr opinbera geiranum og einkageiranum. Margir skólar erlendis sem tengdust þessum hryðjuverkastökum hafa verið færðir til tyrknesku

Maarif-stofnunarinnar eftir valdaránstíraunina árið 2016. Núna starfa Maarif-skólar í mörgum löndum og halda uppi frábæru fræðslustarfi um allan heim.

Í eðli sínu og umfangi er barátta Tyrklands gegn FETO á engan hátt ólík baráttu annarra ríkja gegn samtökum sem hafa framið hryðjuverk gegn embættismönnum og saklausum borgurum og ógnað lýðræðislegum gildum, grundvallarmannréttindum og mannfrelsi. Tyrkland er að gera

það sem öll viðkomandi lönd hafa gert í baráttu þeirra gegn hryðjuverkastarfsemi. Allar aðferðirnar sem beitt er samræmast lögum.

Hryðjuverkastarfsemi er ekki háð þjóðerni eða trú. Þessi meinvaldur ógnar mannkyninu öllu. Þess vegna þurfa viðbrögðin við þessari ógn að vera samhent og staðföst. Ekkert ríki getur leyft sér að gera upp á milli hryðjuverkamanna og ekki er hægt að flokka nein hryðjuverkastök sem „gagnleg“ eftir hentisemi. FETO

ber ábyrgð á dauða hundruða manna og fleiri alvarlegum glæpum gegn tyrknesku þjóðinni. Sex árum eftir 15. júlí 2016 heldur Tyrkland áfram einaróri baráttu sinni gegn FETO, alveg eins og landið heldur áfram baráttu sinni gegn öðrum hryðjuverkastökum á borð við PKK, PYD-YPG, DHKP-C og DAESH.

Við væntum þess að alþjóðasamfélagið sýni Tyrklandi samstöðu í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. ■



Lokafrestur til að skila ársreikningi rennur út 31. ágúst 2022

- Skila ber ársreikningi eigi síðar en mánuði eftir að reikningurinn var samþykktur á aðalfundi félags, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Sérstök athygli er vakin á því að skili félag ársreikningi síðar en mánuði eftir aðalfund verður félagið sektað.
- Á vefnum [skatturinn.is/fyrirtaekjaskra](https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra) má sjá hvort að ársreikningi hafi verið skilað.
- Örfélög geta nýtt sér hnappinn og látið Skattinn útbúa ársreikning félagsins að því tilskyldu að þau hafi skilað skattframtali. Ekki er heimilt að staðfesta hefðbundin ársreikning á aðalfundi félags en senda svo inn hnappsreikning í stað þess reiknings sem staðfestur var á aðalfundi.
- Senda skal inn til opinberrar birtingar þann ársreikning sem staðfestur var á aðalfundi viðkomandi félags. Ekki er heimilt að breyta eða fella niður neinar upplýsingar í þeim ársreikningi sem sendur er inn til opinberrar birtingar.
- Sekt vegna vanskila nemur 600.000 kr.

SUMARÚTSALA BETRA BAKS

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIDSLÚTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is



25%
AF
RÚMTEPPUM



25%
AFSLÁTTUR
AF SLOPPUM

LACOSTE SLOPPUR
Ýmsir litir og stærðir.
Verð: 29.900 kr.
Nú 22.425 kr.



20%
AFSLÁTTUR
AF TEMPUR


TEMPUR



60%
AFSLÁTTUR

EXCLUSIVE TOPPER

Gæsadúnn.
90 x 200 cm. Verð: 30.900 kr. Nú 12.360 kr.
160 x 200 cm. Verð: 56.900 kr. Nú 22.760 kr.
180 x 200 cm. Verð: 60.900 kr. Nú 24.360 kr.



20%
AF SÆNGUM
OG KODDUM



40%
AF DIMMA
RÚMFÖTUM



20%
AF STILLAN-
LEGUM RÚMUM



30%
AFSLÁTTUR

HORSENS
Hægindastóll, rafdrifinn.
Svart leður. Verð: 269.900 kr.
Nú 188.930 kr.



10-40%
AF HEILSUINNISKÓM

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

**Betra
BAK**

Ósammála mörgum en fagnar allri umræðu

Fjölmiðlamaðurinn Þorkell Máni Pétursson er sáttur við frammistöðu íslenska kvennalandsliðsins á EM hingað til. Hann segir að margir hafi sett of mikla pressu á liðið fyrir mót en tekur fram að hann fagnar allri umræðu um stelpurnar.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Mér fannst þessi leikur mjög góður, mér fannst við vera mjög góðar í þessum leik og bara óheppnar að vinna hann ekki,“ segir Máni, spurður út í 1-1 jafntefli Íslands og Ítalíu í fyrradag.

Einhverjir hafa gagnrýnt liðið fyrir að leggjast snemma til baka eftir að hafa komist yfir gegn Ítölum. „Það gerist bara í fótbolta, þó það sé ekki lagt upp með það. Leikmenn byrja ósjálfrátt að bakka, það er ekki eitthvað sem þjálfarinn leggur upp með. Á móti Belgum gerist þetta sama, við förum að detta aftur á völlinn til að verja einhverja forystu. En það er alveg eðlilegt á móti liðum eins og Ítalíu og Frakklandi að við séum meira að verjast en að sækja.“

Ísland er með tvö stig í D-riðli Evrópumótins eftir tvær umferðir. Liðið á enn möguleika á að komast áfram. Miklar væntingar voru gerðar til liðsins fyrir mót og segir Máni að pressan hafi að vissu leyti verið ósanngjörn. „En því ber bara að fagna. Það er bara geggjáð að það sé verið að setja pressu á íslenskt kvennafótboltalið og það segir okkur bara hversu langt við erum komin.“

Öll umræða er góð umræða

Máni fagnar því hversu mikil umræða er um liðið. „Það eru komnir jafnmargir sérfræðingar um kvennafótbolta og sóttvarnalæknar í miðju Covid. Það er náttúrlega geggjáð að það séu svona margir áhugamenn um kvennafótbolta. Það voru ekki svona miklar og sterkar skoðanir á þessu síðast þegar við vorum á Evrópumótinu.“

„Það er öll umræða góð umræða. Þegar Freyr Alexandersson, góður vinur minn, var með liðið og ég var eitthvað að drulla yfir það þá fagnaði hann því mjög mikið, fannst alveg frábært hjá mér að vera að koma með skoðanir um þetta. Það er bara jákvætt að það séu fleiri sem hafa skoðanir á þessu.“

Máni telur að framtíð íslenska liðsins sé björt. Blandan í liðinu



Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu etur nú kappi á EM á Englandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

nú sé góð, reynslumiklir leikmenn í bland við yngri. „Gunnhildur Yrsa er að spila í einni bestu deild í heimi, Sara Björk er búin að spila með stærstu liðum Evrópu, Dagný er að spila á Englandi. Þetta eru þrír miðjumenn með gríðarlega reynslu. Svo ertu að fá leikmenn upp eins og Sveindísi, Karólinu og Glódísi, sem eru reyndar akkúrat á passlegum aldri. Þetta kvennalið á eftir að verða enn betra.“

Fólk má hins vegar ekki fara fram úr sér. Liðið á enn mikið inni. „Ég held að sumir hverjir séu komnir langt fram úr sér því hinar þjóðirnar eru mjög góðar líka. Ég man þegar við komumst fyrst á EM. Þá vorum við farin að hafa áhyggjur af því að fleiri þjóðir væru farnar að leggja áherslu á kvennaboltann hjá sér, sem myndi þýða að það yrði erfitt fyrir okkur að halda í við þessar bestu þjóðir, því við værum svo fámenn. En okkur hefur bara tekist það fánlega vel. Að við séum komin í fjórða skiptið inn á Evrópumót er alveg magnað afrek,“ segir Máni.

„Þegar maður sá riðilinn var leikurinn á móti Belgum eini leikurinn sem maður gat sagt að við værum sigurstranglegra liðið. Þegar við förum í þennan Ítalíuleik vorum við aldrei sigurstranglegra liðið. Það er alveg stórfurðulegt að sjá það að

mönnum finnst bara að við eigum að vinna þennan leik. Ég er ekki að gagnrýna þessa umræðu, mér finnst frábært að hún sé. Það eiga bara enn fleiri að vera komnir með áhuga á þessu.“

Máni er bjartsýnn á að stelpunum takist að vinna Frakkland í lokaleik riðlakeppninnar og komast í átta liða úrslit. „Ég held við vinnum Frakkana. Ég er bjartsýnn maður að eðlisfari og það virðist vera mjög góður andi í þessu liði. Maður upplifir það og sér það alveg, eins og þegar Keflvíkingurinn Sveindís var að láta Ítalann heyra það fyrir að dýfa sér. Þetta eru alvöru víkingar. Frakkarnir eru búinir að vinna riðilinn og gætu verið aðeins rólegri á því.“

Framtíðin er björt

Máni segir framtíðina bjarta, jafnt hjá kvennalandsliðinu og knattspyrnu kvenna í heild. „Það eru að koma upp fullt af ungum stelpum. Þær sem komu á undan þeim voru góðar fyrirmyndir, Katrín Jónsdóttir og þessar, þær skildu svo eftir sig þessar stelpur. Ég held að kvennafótbolti á Íslandi sé í stórsókn, enda erum við með tvö sæti í Meistaradeildinni þar, sem segir ýmislegt. Menn ættu að fara að horfa á að það eru að fara að vera miklu meiri tekjur í kvennaboltanum. Við sjáum það með þetta Evrópumót. Það er



Það eru komnir jafnmargir sérfræðingar um kvennafótbolta og sóttvarnalæknar í miðju Covid.



Þorkell Máni Pétursson, fjölmiðlamaður og knattspyrnu-sérfræðingur



Það virðist vera mjög góður andi í þessu liði.

fullt af leikjum eftir en það er samt búið að slá aðsóknarmetið. Það er búið að seljast upp á stærstu velli Evrópu eins og enginn sé morgundagurinn. Ég held að íslensk félagslið þurfi að fjárfesta meira í kvennafótbolta því þar virðast góðar tekjur að fara að koma í framtíðinni, sem við getum sótt. Liðin sem komast í Meistaradeildina kvennamegin hér heima eru 50 milljónir, sem er bara sami peningur og menn eru að eyða í gamla karla til að komast í Sambandsdeildina.“

Kvennaknattspyrna hefur vaxið mikið á síðustu árum en getur gert það mun frekar, að sögn Mána. Hann bendir til að mynda á að minna sé um mjög stóra sigra, eitt-hvað sem var áberandi á árum áður. „Svo ég vitni í vin minn Hemma Gunn, hann sagði að þetta væri bara eðlilegt (stórsigur í kvennaknattspyrnu), kvennafótboltinn sé miklu yngri íþrótt og að þetta hafi verið svona í karlaboltanum einu sinni. Kvennafótboltinn er yngri og hann er bara að vaxa. Hann getur vaxið miklu meira, en það sem þyrfti að gerast er að konur fengju meiri áhuga á kvennabolta, þá yrði hann miklu fljótari að stækka. Staðreynd málsins er sú að karlar hafa meiri áhuga á kvennafótbolta en konur. Það er svo mikill möguleiki að stækka kvennafótboltann frekar.“ ■

Undirbúningurinn sá sami þrátt fyrir ógurlegan hita

kristinnpall@frettabladid.is

EM 2022 „Við erum ekki að undirbúa okkur neitt öðruvísi þannig. Næstu sólarhringa þurfum við að sækja eins mikla orku og við getum, bæði leikmenn, starfslið og aðrir sem koma að liðinu. Við þurfum bara að vera með alla tanka fulla á þessum tímamarki,“ segir Ásmundur Haraldsson, aðstoðarþjálfari kvennalandsliðsins, spurður hvort þjálfarateymið myndi breyta undirbúningnum eitthvað vegna hitans sem er von á þegar Ísland mætir Frakklandi á mánudag.

Ásmundur ræddi við Fréttablaðið á æfingu kvennalandsliðsins í gær en íslenska liðið hefur undanfarna daga æft í um 20-27 stiga hita. Hitinn náði 28 gráðum í fyrsta leik Íslands gegn Belgum á Evrópumótinu en óttast er að hitametið á Eng-



Ásmundur Haraldsson, aðstoðarþjálfari kvennalandsliðsins, er á sínu öðru stórmóti í röð sem aðstoðarþjálfari hjá Stelpunum okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Næstu sólarhringa þurfum við að sækja eins mikla orku og við getum, bæði leikmenn, starfslið og aðrir sem koma að liðinu.

Ásmundur Haraldsson, aðstoðarþjálfari kvennalandsliðsins

landi falli annaðhvort á mánudag eða þriðjudag og er búið að gefa út veðurviðvörðun vegna hitans á leikdegi Íslands eftir helgi.

„Við stjórnum ekki veðri né vindi. Við þekkjum það vel heima, við getum engan veginn stjórnað veðráttunni,“ segir Ásmundur léttur í lund.

Hann segir að íslenska liðið sé enn með örlögin í eigin höndum, aðspurður út í næsta verkefni liðsins. „Við vildum vera í þeirri stöðu fyrir síðasta leik, að vera með úrslitaleik gegn Frakklandi. Hvað verður og hvað gerist. Við höfum ekki tapað leik, höfum skorað mörk og erum búin að spila ágætlega vel úr þeim spilum sem við höfum haft. Það er það sem við þurfum að einblína á fyrir síðasta leikinn. Það er svo okkar að undirbúa okkur og grípa tækifærið.“ ■

POTTURINN STEFNIR Í

52

MILLJÓNIR


þægilegt
í appinu


inná
lotto.is


eða næsta
sölustað



LEIKURINN OKKAR



BJORK@FRETTABLAÐIÐ.IS

Seiglan og harkan

Unga konan sem prýðir forsíðu þessa tölublaðs, Sonja Simonardóttir, segir frá því hvernig eðlislæg þrautseigja hennar bæði nánast drap hana og reisti hana við.

Harkan virðist vera bæði hennar besti vinur og verstí óvinur og þannig er það að ég held hjá okkur ansi mörgum. Það er þessi gullni meðalvegur sem oft er vandrataður, að sýna styrk og úthald þegar á reynir en kunna svo líka að sækja sér hjálp þegar á þarf að halda. Sonja beidi í nokkra daga með að leita sér læknaástoðar á meðan sýking grasseradi innra með henni og olli á endanum fjöllíffærakerfisbilun. Við komuna á brádamóttöku varð starfsfólki fljótt ljóst að um alvarleg veikindi var að ræða og var Sonja tengd við öndunarvél sem hélt í henni lífinu í rúma viku.

Þegar Sonja losnaði úr öndunarvélinni var það fyrsta sem hún heyrði frá heilbrigðisstarfsmanni að hún gæti gleymt því að keppa í þríþraut þetta árið. Henni var ráðlagt að taka því rólega og fara hægt af stað í hreyfingu. Sonja, sem er vön að vera í góðu formi, gekk alltaf lengra en líkaminn vildi, hún grét á hverri æfingu en eftir nokkra mánuði uppskar hún sannarlega eftir erfiðinu. Fyrra form kom fyrr en jafnvel hún hafði þorað að vona og sannaði hún að seiglan fleytti henni ansi langt.

Seigla er nefnilega betri en harka! ■



Harkan virðist vera bæði hennar besti vinur og verstí óvinur og þannig er það að ég held hjá okkur ansi mörgum.

Við mælum með

Götubítahátíð

Nældu þér í gómsætan götubita í Hljómskálagarðinum um helgina þegar Götubítahátíðin verður haldin frá 13 til 19 báða daga. Hægt verður að velja um 20 söluaðila, matarvagna og sölubása, sem keppa um titilinn Besti götubiti Íslands 2022. Eins verða hoppukastalar og leiktæki fyrir börnin.



Keep Sweet: Pray and obey

Fjögurra þátta heimildarþáttaröð Netflix um valdatíð og fall hins sjálfskipaða spámanns Warren Jeffs í söfnuði hinna síðari daga heilögu í Utah-ríki Bandaríkjanna er bæði vönduð og sláandi. Fjölkvæni og barnungar brúðir var lykill karlmannna að eilífu lífi og samfélag söfnuðarins var fulllengi óáreitt. ■



Aurore safnaði fyrir opnun verslunarinnar á Karolina Fund og gekk söfnunin vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Parísardraumur í Þingholtunum

Draumur franska sætabrauðskokksins Aurore Pelier Cady rættist í vikunni þegar hún opnaði kókuverslun í Parísarstíl í fallegu kjallarahúsnæði við Bergstaðastræti.

bjork@frettabladid.is

Aurore Pelier Cady hefur starfað í geiranum í fimmtán ár en draumurinn var alltaf að opna sína eigin verslun og safnaði hún fyrir draumnum á Karolina Fund. Listina lærði hún í skóla Institut Paul Bocuse og öðlaðist í framhaldi reynslu á virtum stöðum í höfuðborg Frakklands. Hún starfaði á Four Seasons George V hótelinu, KL Pâtisserie, Un Dimanche A Paris og Lancaster.

Aurore hefur gert húsnæðið að Bergstaðastræti 14 að sínu með fallegu vegglistaverki og einföldum og stílhreinum innanstokksmunum.

„Ég fékk lyklna að húsnæðinu fyrir einum og hálfum mánuði og fór strax í framkvæmdir. Vinkona mín, sænska listakonan Sanna Nordahl, hannaði lógó verslunarinnar og í sameiningu hönnuðum við og máluðum vegglistaverkið sem er innblásið af íslenskum jökulám.“

Frönsk gæði með íslensku ívaði

Á staðnum er boðið upp á kaffi og te innflutt beint frá París. „Ég hef tekið þátt í opnunum tveggja sætabrauðsverslana í París og vil halda sama gæðastandard og þar er uppi. Langtímamarkmið mitt var alltaf að eignast mína eigin verslun og það er góð tilfinning að vera búin að opna. Leigusamningurinn er þrjú mánuðir í upphafi og vonandi gengur reksturinn það vel að ég geti gert langtímasamning.“

Aurore hefur opnað glæsilega vefsíðu, sweetaurorareykjavik.com, þar



Hér má sjá sýnishorn af disætri dýrðinni sem finna má við Bergstaðastræti.



Ég fer mikið í Heiðmörk um helgar að týna jurtir og grös sem ég er að prófa mig áfram með að nota í kökur og skreytingar.



Aurore nýtir íslenskar jurtir í skraut.

sem skoða má seðilinn og einnig sérpanta sætindin sem hafa verið vinsæl í veislur og brúðkaup.

Hér á landi hefur Aurore starfað á Slippbarnum, Hótel Húsafelli og nú síðast á Dilli og segist hún á þessum stöðum hafa lært mikið um íslenskt hráefni og jurtir en markmiðið er að Parísarkökurnar fái ólítið íslenskt ívaði.

„Ég fer mikið í Heiðmörk um helgar að tína jurtir og grös sem ég

er að prófa mig áfram með að nota í kökur og skreytingar.“

Nú er ætlunin að hafa opið frá níu til fimm, miðvikudaga til sunnudaga, en Aurore ætlar að endurskoða það þegar hún gerir sér betur grein fyrir eftirspurninni. „Hina dagana nota ég til að baka, svo það verður nóg að gera.“

Aurore á nú þegar sinn kunnahóp hér á landi sem er blanda af Íslendingum og Frökkum, sem sífellt eru að verða fjölmennari hópur hér á landi, og hlakkar hún til að bæta við enn fleiri viðskiptavinum í litlu sætinda-búðinni við Bergstaðastræti. ■

Grjóti kastað úr glerhúsi



Ólafur Arnarson

Af einhverjum ástæðum fann Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor við Háskóla Íslands hjá sér þörf í vikunni til að hnýta í stjórnarformann og reyna að gera lítið úr öllu starfsfólki Torgs, útgáfufélags Fréttablaðsins.

Í færslu á Facebook þykist hann hafa fyrir satt að stjórnarformaðurinn hafi fyrirskipað brottrekstur Kolbrúnar Bergþórsdóttur sem nýlega hætti störfum á ritstjórn Fréttablaðsins.

Að mati prófessorsins var hún eini almennilegi blaðamaðurinn á Fréttablaðinu, aðrir ekki svo mikið sem sendibréfsfærir.

Ekki vitnar Hannes í heimildir fullyrðingum sínum til stuðnings. Er það raunar engin nýlunda í skrifum hans, en hann var sem kunnugt er dæmdur fyrir ritstuld á höfundarverki Halldórs Kiljans Laxness árið 2008. Ef til vill metur prófessorinn ritfærni sína slíka að enginn sjái mun á hans texta og texta Nóbelskaldsins.

Svo fór þó að Helga Kress afhjúpaði ritstuld Hannesar. Auður Sveinsdóttir, ekkja Laxness, höfðaði mál sem lyktaði með því að Hæstiréttur staðfesti að um ritstuld væri að ræða. Var Hannes dæmdur til greiðslu bóta fyrir brotið. Hefur það

án efa verið ritsnillingnum þungbær reynsla að vera svo grimmilega felldur af stalli sem jafnoki Nóbelskaldsins á ritvellingum.

Hvað varðar blaðamenn hjá Fréttablaðinu og öðrum miðlum Torgs er vert að geta þess að í þeim hópi eru margir virtustu og vönduðustu blaðamenn landsins.

Öfugt við prófessor Hannes, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum fékk að halda stöðu sinni við þjóðháskólann þrátt fyrir ritstuldinn, hefur enginn blaðamanna Fréttablaðsins orðið uppvis að því reyna að stilla fram hugverkum annarra sem sínum eigin.



Svo fór þó að Helga Kress afhjúpaði ritstuld Hannesar.

Raunar starfar hjá Torgi samhentur hópur starfsfólks sem telur 100 manns. Þetta er vel menntað og reynt hæfileikafólk sem kemur úr ýmsum áttum.

Hópur fastra pistlahöfunda Fréttablaðsins er skipaður þungavigtarfólki sem skrifar pistla sem vekja athygli og mark er tekið á.

Lítillæti hefur svo sem aldrei orðið prófessornum pennaglaða fjötur um fót. Þegar hann tjáir sig skína í gegn sjálfumgleði, fordómar og þótti sem enginn hefur efni á. Ritþjófur sem hæðist að ritfærni annarra er dálítið að kasta grjóti úr glerhúsi. ■

Kreativ Dental Ísland



25 ára reynsla

Rúmlega 4000 Íslendingar hafa notið þjónustu okkar frá árinu 2016

Nýtt bros
-
Nýtt líf

Nokkrar af fjölmörgum umsögnum af samfélagsmiðlum tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest

„Ástandsskoðun. Fyrsta árs skoðun. Ég er búin að fara í tannmyndatöku hjá Tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands. 3 nemar fóru yfir ástandið þar á meðal erlendur tannlæknir sem er á endurmatsnámskeiði hér og leist mjög vel á verkið og tók fram hvað tennurnar væru fallegar. Síðan fór lektor yfir ástandið á tönnum og skoðunina hjá nemunum. Mér hefur alltaf fundist einn plantinn laus og hef farið til tannlæknis til að láta athuga það en hann er alveg fastur, bara bil á milli tannana. [Mín hræðsla] Ég verð að segja ykkur að lektorinn var mjög ánægður með ástandið á tönnum, gerðina og efnið sem ég hafði valið, handverkið væri til fyrirmyndar og liturinn passaði vel. Talaði um að flögurnar sem halda gömnum uppi væru í góðu ástandi og ég byrfti að passa upp á þær því þær væru svo finlegar. Hann spurði hvar ég hefði fengið þetta fína verk og vildi gjarnan fá að fylgjast með hvað þær entust lengi. Ég fór náttúrulega í sælu út frá þeim. Langaði til að láta ykkur vita af þessari frábæru umsögn. Mig langar til að fresta ferð út þangað til á næsta ári svo ég sendi myndirnar til Gríms og tannlæknirinn minn úti fór yfir þær og þau segja að þetta gildi fullkomlega sem ábyrgðarskoðun þetta árið.“

„Hvað skal segja þegar varla eru til lýsingarorð til að lýsa þjónustu framkomu og öllu sem varðar þessa stofu Er hæst ánægð með allt fyrir utan það að vera yfir mig ástfangin af Búdapest.“

„Fór í febrúar og fékk krónur og brýr. Ég er mjög ánægður með Grím umboðsmann okkar og einnig frábærir Hjalti og Atli sem veittu mér mikinn stuðning í ferli mínu. Frábærir fagmenn hjá Kreativ Dental og þjónustan til mikillar fyrirmyndar. Eina sem ég þurfti að gera sjálfur var að panta flugmiða og mæta í flug. Annað sá Grímur um að skipuleggja fyrir mig, fyrsta tíma-bókun hjá tannlækni, allar ferðir og pöntun á hóteli. Verð mjög hagstæð fyrir kúnnann. Ábyrgðir fylgja og verð stóðust frá tilboðsgerð til loka vinnu. Ég fékk flotta vinnu við minar tennur og gæti ekki verið ánægðari með tannlækni. Mæli með Kreativ Dental.“

„Ein af mínum uppáhaldsstundum lífsins, að standa upp úr stólnum hjá þeim og brosa framan í heiminn.“

„Fagmennskan í fyrirrúmi. Undirritaður þurfti í síðasta mánuði að nýta sér þjónustu Kreativ Dental Klinik í Búdapest. Eftir að hafa notið sérfræðinganna hjá Kreativ Dental er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem að mínum málum komu. Það er ekki að ástæðulausu að Kreativ Dental hefur marg oft hlotið viðurkenningu sem besta tannlæknastofa á evrópska efnahagssvæðinu og víðar. Fagmennska og hlýlegt viðmót allra þeirra sem starfa þarna er gefin hæsta einkunn. Ég get ekki lokið þessum skrifum án þess að þakka þeim Grími Axelssyni og Attila Korsos [Atla] fyrir þeirra aðstoð sem þeir veittu mér er ég varð fyrir því óhappi að þurfa að leggjast inn á spítala í Búdapest. Aðstoð þeirra beggja verður seint endurgoldin en sýnir hvað það er mikilvægt að hafa góða menn og öflugra tannlæknastofu til staðar ef eitthvað kemur fyrir í þessum tannlæknaferðum til Búdapest.“

„Ég og maðurinn minn höfum lokið meðferð hjá Kreativ Dental að mestu og erum mjög sátt. Fengum plan og verðtilboð sem stóðst að mestu fyrir utan smá sem hægt var að sleppa og annað sem bættist við eins og búast mátti við. Við upplifðum mikla fagmennsku og erum ánægð með tannlækninn, hina sérfræðingana sem komu að okkar meðferð, þjónustufólkið og íslensku tengiliðina. Skiljum núna af hverju þessi stofa hefur fengið viðurkenningar á heimsvísu á sínu sviði ítrekað.“



„Öll framgangna ykkar og viðmót er til mikillar þrýði og mun ég ekki líta á aðrar leiðir til að laga mínar tennur. Enn og aftur kærar þakki, bið að heilsa öllum.“

„Hvar á ég að byrja...“

„Mjög miklir fagmenn. Mæli sannarlega með Kreativ Dental! Grímur sá um að bóka herbergi á samstarfshóteli Kreativ Dental, mjög gott hótél með útsýni yfir Dóná. Var sótt og ekið á flugvöllinn að kosnaðarlausu sem er náttúrulega frábær þjónusta. Einnig eru fríar ferðir á milli hótels og tannlæknastofu. Frábærir tannlæknar sem starfa í notalegu umhverfi. Ég hef alltaf verið stressuð/kvíðin að fara til tannlæknis en það hvarf bara alveg þegar ég kom þarna inn. Biðstofan var búin hægindastólum og fiskabúri. Engin borhljóð eða truflun þar. Viðmót starfsmanna var hlýlegt og notaleg næverera allra á stofunni fékk manni til að líða vel. Grímur og Attila voru boðnir og búnir að aðstoða við allt sem maður óskaði sér. Takk fyrir mig.“

Fagleg og persónuleg þjónusta alla leið og það að hafa íslenskan umboðsmann auðveldar öll samskipti. Tannlæknateymi sem hefur mikla reynslu af umfangsmiklum og flóknum tannviðgerðum. Fullkomið tannsmiðaverkstæði á staðnum búið nýjustu tækni frá Þýskalandi og Japan. Viðtækasta ábyrgð sem í boði er frá Austur-Evrópskum tannlæknastofum og toppar líka þær íslensku. Allt þetta á verði sem er 50-70% lægra en á Íslandi. Aukabónusinn er að fá í leiðinni að kynnst Búdapest einni fegurstu borg Evrópu.“

„Takk fyrir góða þjónustu. Flott þjónusta og miklir fagmenn.“

„Við hjónin fórum í apríl í fyrsta skipti og svo aftur í ágúst til að klára. Frábærir tannlæknar og starfsfólk. Allt stóðst fullkomlega. Grímur og Atli voru alltaf til staðar til að aðstoða okkur. Mæli 100% með Kreativ Dental. Takk kærlega fyrir okkur.“



„Ég verð nú að segja að ég hefði ekki að óreyndu trúað því að það væri hægt að skipuleggja tannlækningaferðir með svona nákvæmni og góðu kostnaðarplani. Öll þjónusta er í efsta gæðaflokki og gott að geta fengið aðstoð hjá Grími Axelssyni til að fá skýringar og leiðbeiningar á íslensku um öll mál sem kunna að koma upp á í sambandi við þjónustuna hvort sem er út af tannlækningunum, breytingum á hóteli eða flugi ef vill. Það ánægjulega við þetta allt er að þú getur fengið nákvæma ástands-lýsingu og aðgerðaráætlun eftir fyrstu skoðun fyrir utan það að það er hægt að sjá hver kostnaðurinn er í byrjun, því það er fastur verðlisti sem farið er eftir sem liggur fyrir þegar aðgerð er ákveðin. Endilega athugaðu verðlistann sem er á heimasíðu Kreativ Dental og berðu hann saman við verðlistana á Íslandi. Flott fólk og góð þjónusta þarna. Takk fyrir mig.“

„Frábært. Elska að fara þarna alltaf verið hrædd við tannlækna e ekki þarna.“

„Takk fyrir mig. Móttökur og allt utanumhald við fólk þarna er frábært. Og hafa fólk sem talar okkar mál er bara æðislegt þannig að það verður allt miklu auðveldara að koma þarna.“

„Komin á staðinn upplifði ég algjört öryggi. Þar var tekið vel á móti manni frá fyrstu stundu. Frábært hótél með útsýni yfir Dóná fljótið. Var skutlað til og frá og allir í öryggisbúnaði hjá tannlækninum. Ég hef aldrei hitt jafn færa tannlækna eins og á Kreativ Dental. Það tekur enga stund, þú finnur varla til og samt er þetta allt mjög vel og vandlega gert. Ég er rosalega ánægð með allt sem fyrir mig var gert og mæli með Kreativ Dental hundrað prósent!“

„Það er hugsað fyrir öllu maður sóttur á flugvöllinn, keyrður á hótelið og skutlað á tannlæknastofuna. Hlýlegar og notalegar tannlæknastofur, fagfólk hvert sem lítið er sem vill allt fyrir mann gera, fékk frábæra þjónustu og toppurinn að hafa íslenska eðalpilta til aðstoðar. Kærar þakki fyrir mig.“

„Við hjónin höfum nú lokið tannmeðferð hjá Kreativ Dental og erum hæst ánægð. Viðmót starfsfólks og þjónusta við okkur var til fyrirmyndar. Ekki þótti okkur heldur slæmt að greiða sanngjart verð fyrir meðferðina og fá þar að auki 5 ára ábyrgðarskirteini þar sem Kreativ Dental ábyrgist krónur og brúargerð „sjúklinga“ sinna. Takk fyrir okkur!“

„Það er endalaust hægt að hlaða lofi á Kreativ Dental en orð eru máttvana í samanburði við upplifunina við það að koma til þeirra í aðgerð. Fyrir mér var þetta eins og ég væri kominn langt inn í framtíðina, öll nýjustu tækni til staðar á staðnum, umhverfið þegar inn var komið hjá þeim var bæði rólegt og aðlaðandi, sérfræðingar á öllum sviðum tannlækninga á staðnum og viðmót allra starfsmanna óaðfínanlegt! Það sem síðan vekur furðu manns, eftir að hafa fengið þarna faglega þjónustu sem ég held að ómögulegt sé að toppa, er verðið!!! Núna, fimm mánuðum eftir að hafa komið til þeirra í byrjun maí, brosi ég mínu fallegasta brosi til margra ára en finnst jafnvel að ég hafi ekki borgað fyrir að fullu. Svo hagstætt er verðlagið hjá þeim fyrir okkur Íslendinga. Flugði með WizzAir er einnig mjög ódýrt, sem og hótelið í Búdapest.“

„Vel að öllu staðið. Allir Íslendingar sem ég hitti í þessum erindagerðum voru jafn ánægðir og ég.“

Kreativ Dental Ísland

Heimasíða: kreativdental.is | Facebook: [kreativdentalisland](https://www.facebook.com/kreativdentalisland)

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir: grimur@kreativdentalclinic.eu | Sími: (+354) 859 9403 (frá 9-13)

Vefverslun
Sendum
um land allt



husa.is

Pallaefni

Fúvarin fura, mest selda pallaefnið okkar

25%

afsláttur



Parket

30-50%
afsláttur



Flísar

35-40%
afsláttur



Trjáplöntur
og fjölærar plöntur

50%
afsláttur



Blöndunartæki

30-60%
afsláttur



Útileguvörur

25-30%
afsláttur



Útipottar og
garðstyttur

30%
afsláttur

Enn meiri afsláttur af eftirfarandi vöruflokkum



Garðhúsgögn

30%
afsláttur



Reiðhjól

35%
afsláttur



Reiðhjólafylgihlutir

35%
afsláttur



Sumarblóm

50%
afsláttur



blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Köttum niður verðið



30%

OUTBACK

Gasgrill Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW, hliðarhellu 3,1 kW. 3000390

34.990 kr
~~49.990~~ kr

OUTBACK

Enn meiri verðlækkun

Graphite gasgrill



BerlingerHaus

Grillpanna
Eternal Collection 28 cm.
2003112

8.290 kr
~~16.590~~ kr

40%

50%



Peysa Naxos
Með windstopper. Stærðir M-4XL.
5812187-91, 5812200, 5862668-75, 5873013-19

8.290 kr
~~16.590~~ kr

Frábær upplásinn nuddpottur



42%

Bergen
Nuddpottur
Upplásinn, hringlaga,
4 manna. 8089108
69.990 kr
~~119.990~~ kr



30%

Tjald Pop Up
3 manna, 240x210x105 cm. Skoðu gjafaleikinn okkar á TikTok
túrkís. 2991070
7.990 kr
~~11.490~~ kr

25%

osann
Barnabílstóll

Snúningstóll 360°, 10 hæðastillingar, sætisbreidd: 30 cm, sætisdypt: 33 cm, bakhæð: 47-70 cm. 3000807

30.593 kr
~~40.790~~ kr



60%

damixa™
Sturtusett
Rowan m/sápuskál.
8000237

8.590 kr
~~21.590~~ kr

B

36%

BERK
Þvottavél 1400 sn.
8 kg, 14 mismunandi þvottakerfi.
Hljóðstyrkur 57dB, í vindu 79dB.
Stærð: 85x47x59,5 cm. 1860471

49.990 kr
~~78.990~~ kr



Skoðu RISA útsöluþlaðið á husa.is





Sonja upplifði óbærilega verki í baki, slappleika og mikinn hita en hélt að hún myndi jafna sig á nokkrum dögum. Þegar hún loks kom á bráðamóttöku var hún svo hætt komin að hún var nánast undir eins tengd við öndunarvél.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Í dag er ég þakklát fyrir að þetta gerðist



Björk
Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Sonja Símonardóttir stefndi á sína fyrstu keppni í hálfum Járnkari, eða Iron Man, þegar hún veiktist svo alvarlega að henni var í nokkra daga ekki hugað líf. Eftir níu daga í öndunarvél komst Sonja til meðvitundar en það sem hún gerði hálfu ári síðar kom öllum að övörum.

Sonja hefur alla tíð stundað íþróttir og haldið sér í góðu formi. „Mér finnst gaman að gera erfida hluti og ég byrjaði að stunda þriðbraut í september árið 2020. Þetta varð að ástríðu og ég æfði eins og vitleysingur,“ segir Sonja, sem æfði frá einum og upp í þrjá klukkutíma á dag, alla daga vikunnar.

„Það var helst til mikið þar sem ég var að byrja í íþróttinni en þar sem líkamsræktarstöðvar og sundlaugar voru mikið lokaðar á þessum tíma æfði ég mikið ein og svo með kærastanum mínum, Jóa, og Sædís vinkonu minni. Þetta var svona „suffer fest“ og ég elskaði það.“

Í október skræði þríeykið sig í hálfan járnkari sem var á dagskrá í júní árið eftir í Danmörku. „Það varð ég algjörlega heltekin. Þótt jólnin kæmu sló ég ekkert af, hljóp mikið úti og stundaði sund í Nauthólsvík.“

Fyrir þá sem ekki þekkja til þá gengur keppni í hálfum Járnkari út á að synda fyrst 1,9 kílómetra, hjóla svo 90 kílómetra og ljúka keppni með hálfu maraþoni.

Bruddi verkjatöflur

Á aðfangadag var Sonja farin að finna fyrir aukinni þreytu og þrota í kringum magann. „Ég var ólík sjálfri mér en hélt samt áfram að æfa. Ég tróð bara í mig parataps en aðfaranótt jóladags gat ég lítið sofið vegna verkja í baki. Ég hélt ég hefði bara meidd eitthvað í bakinu á æfingu og hélt áfram að bryðja verkjatöflur og bólgueydandi en var jafnframt orðin mjög slöpp.“

Á öðrum degi jóla var Sonja orðin rúmliggjandi með háan hita, stöðugt versnandi bakverki og mikla ógleði. „Ég hafði aldrei orðið svona veik og var alls ekki að nenna þessu, ég þurfti að sleppa æfingu þann dag og lá bara undir sæng.“

Þá nótt svaf Sonja lítið sem ekkert enda skalf hún úr kulda, sá ofsónir og svitnaði þannig að skipta þurfti tvisvar á rúminu. „Þarna hefði ég átt að kveikja á að eitthvað mikið væri að en ég var alltaf að bíða eftir að verða betri.“

Jói, sambýllismaður Sonju, var á leið norður til að verja áramótunum með fjölskyldu sinni og Sonja, sem var ákveðin í að hrista af sér veikindin, ók honum á Reykjavíkurlugvöll.

„Þegar ég kom heim hrakaði mér hratt, ég kastaði upp og það leið yfir mig. Ég hringdi í mömmu sem kom með bæði þvagfærasýkingarpróf og óléttupróf. Ég man að ég hugsaði að ef svona væri að vera ólétt þá ætlaði ég aldrei að taka þátt í slíku. Sársaukinn í bakinu var orðinn óbærilegur.“


Sonja segir að fjólublár kassi á þvagfærasýkingarprófi segi að um sýkingu sé að ræða en hennar próf hafi sýnt svartan kassa. „Mamma hringdi þá á læknavaktina. Þar sem ég treysti mér ekki þangað sógðust þau ætla að koma til mín eftir klukkan fimm.“

Í öndunarvél stuttu eftir komu

Nokkrum mínútum síðar bað hún þó föður sinn að hringja eftir sjúkrahúsi. „Ég var flutt á bráðamóttöku þar sem ég var fljótt færð inn í bráðaherbergi þar sem alltaf voru um fimm manns yfir mér. Mér var svo tilkynnt að það ætti að færa mig á gjörgæslu.“

Sonja áttaði sig engan veginn á alvarleikanum sem því fylgir að vera lagður inn á gjörgæslu og þar sem hún var ein á sjúkrahúsinu vegna Covid-takmarkana, sendi hún kærastanum Messenger-skilaboð: „Það er verið að færa mig á gjörgæslu.“

Síðan heyrði hann ekki meir enda



Sonja man ekkert eftir þeim níu dögum sem hún var tengd við öndunarvél.

“

Ég var sett í öndunarvél nánast um leið og ég kom á deildina enda var allt kerfið að krassa og ekki vist að hjartað myndi halda út nóttina.

var Sonja sett í öndunarvél stuttu eftir komuna þangað og komst ekki aftur til meðvitundar fyrr en níu dögum síðar.

Allt kerfið var að krassa

Sonja greindist með sýklasótt sem sýkt hafði allt þvagkerfi hennar og nýru. Í kjölfar sýklasóttarinnar fékk hún brátt andnaðarheilkenni og var því sett í öndunarvél. Ásamt því fékk hún hjartabilun í kjölfar hjartabólgu og nýrnabilun vegna sýklasóttarlostsins. Hækkun á lifrarpófunum benti einnig til að lifrin hefði orðið fyrir skaða.

„Eftir þetta man ég ekki neitt. Ég var sett í öndunarvél nánast um

leið og ég kom á deildina enda var allt kerfið að krassa og ekki vist að hjartað myndi halda út nóttina. Það var í raun kraftaverk að ég skyldi lifa þetta af enda skilst mér að fyrstu þrjá dagana hafi ég verið nær því að deyja en lifa þetta af. CRP-gildi mín, sem mæla hversu mikil sýkingin er, voru komin upp í 725 en eðlilegt er að þau séu þrjár til fimm.“

Samkvæmt útskriftarbréfi fékk Sonja fjölliðkerfabilun ásamt sýklasóttarlosti með bráðu andnaðarheilkenni en allt er þetta lífsnauðarheilkenni en allt er þetta lífsnauðarheilkenni en allt er þetta lífsnauðarheilkenni en allt er þetta lífsnauðarheilkenni. „En guð blessi starfsfólki gjörgæslunnar sem var ekki »

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is

AMSTERDAM
dream - create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice

liquitex

Conté
à Paris
DEPUIS 1793

LEFRANC
BOURGEOIS
PARIS



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 16. júlí 2022



Skálholtshátíð fer fram um helgina.

Hátíð í Skálholti

starri@frettabladid.is

Skálholtshátíð fer fram um helgina 16.–17. júlí í Biskupstungum í Arnassýslu.

Í dag eru hátíðartónleikar Skálholtskórsins og Jóns Bjarnasonar þar sem öll tónlistin verður eftir J. S. Bach, sönötur og fögur kórverk við íslenskar perlu ljóðlistar.

Á morgun klukkan 11 verða orgeltónleikar Jóns með áherslu á Bach.

Hátíðarmessa hefst klukkan 14 og er kirkjukaffi á veitingastaðnum Hvönn í Skálholtsskóla í boði staðarins. Í hátíðarmessunni prédikar vígslubiskupinn séra Kristján Björnsson og þjónar fyrir altari ásamt séra Sveini Valgeirssyni, séra Örnun Grétarsdóttur og öðrum vígðum og óvígðum.

Fjölbreytt dagskrá

Hátíðardagskrá er í kirkjunni sama dag klukkan 16. Aðalerindi flytja þau Eva María Jónsdóttir, miðaldrafræðingur og verkefnastjóri á Árnastofnun, og doktor Gunnlaugur A. Jónsson, fyrrverandi prófessor. Ávörp flytja Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands. Vígslubiskupinn í Skálholti, séra Kristján Björnsson, stýrir dagskránni og segir fréttir af staðnum auk þess sem Skálholtskórinn syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar organista. ■

Nánari upplýsingar á skalholt.is.



Margrét segir að hún hafi fengið einstakan stuðning og hvatningu frá samstarfsfólki sínu á fréttastofunni og starfið sé virkilega skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í fréttunum líður mér eins og sönnum Íslendingi

Pólverjinn Margrét Adamsdóttir, fréttamaður á RÚV, er fyrst til að starfa á íslenskum fréttamiðli við fréttaskrif með annað móðurmál en íslensku. Margrét er tungumálafræðingur og talar sex tungumál. Íslenskan var því ekkert að vefjast fyrir henni. **2**



Fæst í Apótekum, Hagkaup, Frihöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

Líklega hafa margir tekið eftir Margræti á skjánum í fréttatíma RÚV. Hún talar afbragðsgóða íslensku svo erfitt er að greina að hún sé fædd og uppalin í Póllandi. Það var aldrei á draumalista Margrætar að flytja til Íslands fyrir 20 árum. Hún er fædd og uppalin í Póllandi en bjó og starfaði í Frakklandi um nokkurra ára skeið áður en leið hennar lá hingað í sumarfrí til að skoða landið. „Ég er ekki týpískur Pólverji sem kemur hingað til að vinna,“ segir hún.

„Ég kom hingað með frönskum vini en í gegnum hann kynntist ég íslenskri konu hér á landi. Ég var einstæð móðir með son á öðru ári en hafði alltaf verið mikill flakkari. Ferðaðist út um alla Evrópu. Ég hafði ekki fest rætur neins staðar, hélt að Frakkland væri staður fyrir mig en það breyttist þegar ég kom til Íslands. Ég heillaðist af landinu og varð ástfangin af því um leið og ég kom. Það gerðist eitthvað í hjarta mínu þegar ég kom hingað,“ segir Margræt.

Hún ákvað ekki strax að setjast að hér á landi. Henni bauðst fljótlega vinna svo hún framlengdi dvölinu. „Þegar sonur minn, Viktor, byrjaði síðan í skóla hér fór ég að festa rætur. Hann er núna 22 ára og starfar sem matreiðslumaður á Michelin-stað í Noregi. Hann hefur staðið sig mjög vel í sinu fagi og ég er stolt móðir,“ segir Margræt en þess má geta að sonur hennar fékk silfurverðlaun í keppninni Ungkokkur Norðurlandanna árið 2019 og hefur verið í kokkalandslíðinu.

Algjör tungumálanörd

Margræt fór fljótlega eftir komuna hingað að læra íslensku. „Ég fór í Háskóla Íslands 2008 og kláraði BA í íslensku sem öðru máli. Mér fannst ekki hægt að búa hér og kunna ekki málið. Þar fyrir utan er ég tungumálanörd. Mig langaði alls ekki að tala einhverja hálfgerða íslensku,“ segir hún. „Mér hefur aldrei liðið hér eins og ég væri óvelkomin, þvert á móti. Lykilatriðið er að geta skilið og talað tungumálið. Íslendingar eru almennt yndislegt fólk,“ segir hún.

Margræt talar fyrir utan pólsku og íslensku, ensku, frönsku, þýsku og rússnesku. Það síðastnefnda eru leifar frá sovétímanum þegar öll börn í Austur-Evrópu þurftu að læra rússnesku í grunnskóla. „Rússneskan hefur komið mér til góða,“ segir Margræt. „Ég starfaði hjá Vinnuálastofnun í fimm ár og þurfti þá að tala við fólk frá Lettlandi, Litáen og fleiri löndum þar í kring, fólk sem lærði rússnesku í skóla eins og ég.“

Einelti í sendiráði

Áður en Margræt fór að vinna hjá Vinnuálastofnun starfaði hún við viðburðastjórnun. „Starfið á Vinnuálastofnun var fyrsta góða starfið mitt á Íslandi. Mér leið vel þar, var atvinnuráðgjafi sem var mjög gefandi starf. Ég hætti til að vinna við ferðaþjónustu sem togaði í mig að gera. Árið 2018 ákvað ég að breyta til og sótti um starf hjá pólska sendiráðinu. Það var mér ekki til gæfu,“ segir hún.

Einelti í pólska sendiráðinu varð fréttamál hér á landi og í Póllandi á sínum tíma. Sendiherrann lagði Margræti í einelti eftir að mynd af henni birtist í gleðigöngu í Reykjavík, málið varð mjög umtalað í Póllandi. Hún upplifði mikla niðurlægingu og kvíða í starfi sínu í sendiráðinu. „Þetta mál endaði ekki vel. Ég sagði upp starfi mínu og hætti. Fjórir sem störfuðu með mér eru sömu leiðis hættir, þremur var sagt upp og einn sagði upp sjálfur. Sendiráðið er eiginlega buið að útiloka alla Pólverja sem adhyllast ekki



Elin Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Þótt lífið hafi ekki alltaf leikið við Margræti segist hún vera hamingjusöm í dag og á réttum stað í lífinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

kaþólska trú. Sendiherrann býður engum í neins konar viðburði á vegum sendiráðsins sem ekki eru harðir kaþólikkar. Því miður er þessi sendiherra enn starfandi hér á landi,“ segir Margræt. „Hann er ekki fyrirmynd og pólskt samfélag er hneykslað yfir því að þetta sé látið óáreitt. Sendiherrann er mjög fastur í gamla sovétímanum þar sem fordómar voru allsráðandi.“

Dyr lokast, aðrar opnast

Margræt segir að það eigi við um sig að þegar einar dyr lokast opnast aðrar. „Þetta eineltismál fór mjög illa með mig. Ég hlakkaði til að vinna í sendiráðinu, taldi það gott tækifæri fyrir mig. Því miður fór það ekki svo. Í framhaldinu kom Covid og ég þurfti að finna mér eitthvað að gera. Þurfti að byggja mig aftur upp andlega. Ég var svo heppin að fá vinnu á yndislegum leikskóla þar sem mér gafst tækifæri til að jafna mig á þessari erfiðu reynslu sem ég hafði gengið í gegnum. Það var frábært að fara aftur að vinna hjá íslenskum atvinnurekanda þar sem starfar fordómalaust fólk sem tekur manni með opnum huga. Það er mjög erfitt að vinna með fólki sem hefur fordóma gegn öllum mögulegum hlutum. Ég vissi þó að starfið á leikskólanum væri ekki framtíðarstarf fyrir mig,“ segir hún.

Í fréttir hjá RÚV

Í vor var haft samband við Margræti frá RÚV. „Pólsk kona sem starfaði við þýðingar á fréttum yfir á pólsku var að fara í barneignar-

“Ég hafði ekki fest rætur neins staðar, hélt að Frakkland væri staður fyrir mig en það breyttist þegar ég kom til Íslands. Ég heillaðist af landinu og varð ástfangin af því um leið og ég kom. Það gerðist eitthvað í hjarta mínu þegar ég kom hingað.“

leyfi. Ég hafði sótt um sumarvinnu fyrir ári og gat fengið en það hentaði mér ekki þegar til kom þannig að umsókn frá mér lá inni á RÚV. Það var síðan hringt í mig og spurt hver staðan væri hjá mér núna, hvort ég vildi þiggja þetta starf sem væri hlutastarf. Ég hafði áhuga á starfinu en þar sem ég er einstæð móðir þarf ég að vinna fulla vinnu,“ segir Margræt.

„Ég setti mig því í samband við Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóra og sagðist vera spennt fyrir að vinna við fréttamennsku eins og aðrir fréttamenn á RÚV. Að ég yrði partur af teyminu á fréttastofnunni og gæti lært af reynsluboltunum þar. Það var samþykkt að ráða mig inn sem fréttamann í fullu starfi og ég hóf störf 1. maí.



Ég sé um allar pólskar fréttir auk annarra almennra fréttar,“ segir Margræt sem segist alltaf hafa skrifað mikið. „Kannski dreymdi mig einhvern tíma um að verða fréttamaður en ég hef aldrei fyrir sóst eftir því,“ bætir hún við.

Margræt segir að henni hafi strax verið hent út í djúpu laugina og stuttu eftir að hún hóf störf var hún komin á fullt í sjónvarpsfréttir um sveitarstjórnarkosningar. „Og ég sem er ekkert pólitísk,“ segir hún hlæjandi. „Þetta gekk bara mjög vel og svo eru allir ótrúlega hjálplegir á fréttastofnunni, frábært fólk sem sýnir mér stuðning og ég er afskaplega þakklát fyrir,“ segir hún. „Það er mikill heiður fyrir mig að fá að vinna á fréttastofnunni. Starfið er skemmtilegt og ég finn að allt það sem ég hef safnað í reynslubankann nýtist vel í þessu starfi. Síðan læri ég eitthvað nýtt á hverjum degi,“ segir hún.

Erfið ár að baki

Margræt á foreldra í Póllandi og systur sem býr hér á landi. Hún segist oft skreppa í heimsókn til föðurlandsins eða foreldrarnir komi hingað. Það séu því nán og góð fjölskyldutengsl.

Margræt á tvö börn, soninn sem áður er getið um og dóttur, Helen, sem er 17 ára. Hún er fjölfötlud og það hefur ekki alltaf verið auðvelt fyrir einstæðu móðurina að ganga í gegnum veikindi dótturinnar sem oft hafa verið mikil. „Ein ástæðan fyrir því hversu vel ég lærði tungumálið voru spítalaheimsóknir mínar þegar dóttirin var lítil, þær voru ófáar. Helen stundar nám í


Fjölbraut í Ármúla og býr á sérbyli fyrir fatlaða og liður mjög vel enda vel hugsað um hana. Hún fer í sumarþúðir í Reykjadal á hverju sumri þar sem er frábært starfsfólk sem annast börnin einstaklega vel. Það er algjör engill sem sér um hennar mál og ég gæti ekki verið hamingjusamari með allan hennar aðbúnað. Það gat vissulega verið erfitt að vera með svona mikið fatlað barn en ég verð að segja að mér finnst heilbrigðiskerfið mjög gott og get ekki kvartað undan því. Dóttir mín hefur fengið frábæran stuðning. Hún hefur farið í alvarlegar og erfiðar aðgerðir, lækningarnir hringdi til okkar og fylgdist með bataferlinu, jafnvel þegar hann var í fríi,“ segir hún.

Kynnist landi og þjóð á annan hátt í starfi fréttamanns

Áhugamál Margrætar eru nokkur. Hún lætur sér ekki leiða. Hún er til dæmis jógakennari í frístundum og finnst það skemmtilegt. Hún á lítinn hund og fer oft í fjallgöngur með hann þannig að útivera á vel við hana. Hún segist vera mikill dýravinur. Flökkueðlið er ekkert horfið því hún hefur einstaklega gaman af því að ferðast og vonast til að geta gert meira af því. „Svo vonast ég auðvitað til þess að halda áfram í fréttamennskunni hjá RÚV. „Maður kynnist Íslandi og Íslendingum á nýjan hátt í gegnum starfið. „Lif mitt hefur ekki alltaf verið dans á rósum og að vera innflytjandi getur verið erfitt í upphafi. Núna er ég hamingjusöm, mér liður bara eins og sonnum Íslendingi.“ ■

Enn meiri verðlækkun á útsölnunni í Curvy 50-70% afsláttur

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy við Grensásveg
Alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16



Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Þverar Ísland með kraft rauðrófunnar að vopni

Kristinn Karl Dulaney hefur alltaf verið hrifinn af lækn-ingamætti náttúrunnar og er að eigin sögn alinn upp við notkun fjallagrasa. Síðustu tíu ár hefur Kristinn haft tröllatru á krafti rauðrófa og segir hylkin frá ICEHERBS algera himnasendingu.

Kristinn segist alltaf hafa verið fjörmikill og hress og stundað mikið íþróttir. „Sem ungur maður var ég í handbolta og fótbolta, frjálsum, sundi og fleiru. Í dag geng ég mikið og hjóla og er að vinna í því að þvera Ísland. Ég veit nú ekki hvað ég er ekki búinn að ganga á Íslandi en meðal annars hef ég krossað Ísland frá Reykjanesi yfir á Langanes, og sömuleiðis frá Horni austur í Lón. Einnig hef ég hjólað mikið erlendis, meðal annars á Kúbu, í Perú, Víetnam og víðar. Þá hef ég hjólað Jakobsveginn og Noreg endilangan. Síðast gekk ég svo frá Dalvík innst inn í Eyjafjörð sem er hluti af því að þvera Ísland.“

Fær kraft úr rauðrófum

„Síðustu tíu ár hef ég haft tröllatru á krafti rauðrófa. Rauðrófur eru stútfullar af vítamínum og fjörefnum sem gefa kraft og auka úthald og lífsgæði. Í fjölda ára hef ég keypt ferskar rauðrófur og búið til minn eigin safu sem ég tek inn í skotformi á hverjum einasta morgni með engiferi og sítrónu. Rauðrófur hafa vissulega fengist í safuformi í búðum en það hefur aldrei heillað mig. En þegar ég heyrði að íslenska fyrirtækið ICEHERBS væri að framleiða 100% náttúrulegt rauðrófuduft var ég ekki lengi að koma því inn í rútínuna mína.

Íþróttafólk viðs vegar um heiminn hefur fundið hvað kraftur rauðrófunnar er mikill. Nú er ég



jafngamall lýðveldinu, eða 78 ára, og rauðrófurnar gefa mér orku og úthald til þess að stunda göngur og hjól eins og mig lystir og auka þannig lífsgæði mín. Það sem er svo hentugt við duftihylkin er að þau taka svo lítið pláss. Ef ég er að ferðast, gangandi eða hjólandi, þá er töluvert auðveldara að kippa þeim með sér heldur en mörgum lítrum af rauðrófusafa. Duftið virkar líka alveg jafn vel og safinn.“

Rauðrófuduft stuðlar að aukinni snerpu og blóðflæði

Rauðrófur eru þekktar fyrir að bæta súrefnisupptöku og auka blóðflæði. Með auknu blóðflæði eykst snerpa, orka og úthald og því hafa rauðrófur slegið í gegn á meðal íþróttafólks. Rauðrófur koma þér hraðar og lengra náttúrulega og eru því tilvaldar fyrir alla þá sem



Kristinn Karl Dulaney hefur nýtt sér kraft rauðrófunnar í tugi ára. Hann segir rauðrófuduftið frá ICEHERBS auka orku og úthald hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Rauðrófur eru alger ofurfæða, stútfullar af vítamínum, auka blóðflæði og úthald. Þá virka þær einnig sem náttúruleg kynörvun fyrir öll kyn.

Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýtist viðskiptavinum vel, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar framleiddar hér á landi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Einnig hefur ICEHERBS opnað nýja vefverslun þar sem hægt er að panta bætiefnin: iceherbs.is

Smá stress í stúkunni í Manchester



Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Dýrfinna Arnardóttir og Kári Jónsson eru meðal stuðningsmanna íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta sem keppir á Evrópumótinu í Manchester á Englandi. Stemningin er frábær meðal stuðningsmanna og borgin hefur komið þeim skemmtilega á óvart.

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta keppir lokaleik sinn í D-riðli á Evrópumóti kvenna á Englandi á mánudag þegar þær mæta sterku liði Frakklands. Fjöldi Íslendinga hefur fylgt liðinu til Manchester og stemningin meðal stuðningsmanna hefur verið frábær.

Meðal þeirra sem hafa stutt við bakið á liðinu eru kærustuparið Dýrfinna Arnardóttir, fyrrverandi landsliðskona í körfubolta og systir Guðrúnar Arnardóttur, varnarmanns íslenska liðsins, og Kári Jónsson, landsliðsmaður í körfubolta.

Um eitt og hálf ár er liðið síðan landsliðið tryggð sér sæti á EM á Englandi en vegna heimsfaraldursins frestaðist EM 2021 um eitt ár. Dýrfinna og Kári, ásamt öðrum fjölskyldumeðlimum Guðrúnar, eru því búin að bíða lengi eftir þessari stund að sögn Dýrfinnu. „Þetta er nokkuð stór hópur sem fylgir henni út og það má eiginlega segja að undirbúningur hafi hafist strax og ljóst var að liðið hafði tryggð sér miða á EM. Við vissum þá að öll fjölskyldan myndi fara út og því hefur ríkt mikill spenningur fyrir þessari ferð.“



Íslendingar alls staðar

Þetta er fyrsta stórmót þeirra beggja sem áhorfendur. „Stemningin fyrir fyrsta leikinn gegn Belgíu var ótrúlega góð. Spennan var mikil og við fundum fyrir smá fiðringi í maganum. Fan zone-ið fyrir leikinn var mjög vel heppnað enda var frábært veður og mikið stuð á stuðningsmönnum. Stelpurnar voru virkilega flottar í leiknum gegn Belgíu og eiginlega bara óheppni að hafa ekki náð að taka sigur úr honum, fannst okkur.“ bætir Kári við.

Það hefur ekki farið fram hjá þeim að Manchester er mikil fótbolta borg. „Það er mjög góð stemning í borginni, fullt af fólki í fan zone-inu hjá sínum liðum og leikirnir eru sýndir á flestum börum í borginni. Svo er mjög

mikið af Íslendingum hérna sem er skemmtilegt, við rekumst á Íslendinga á nánast öðru hverju götuhorni. Við kunnum heldur betur að styðja okkar fólk eins og hefur sést, það er til fyrirmyndar mundum við segja.“

Manchester komið á óvart

Lífið í Manchester snýst þó ekki bara um fótbolta þessa dagana. Á milli leikja er auðvitað margt í boði að þeirra sögn. „Þetta er fyrsta skiptið okkar í Manchester þannig að við erum búin að skoða okkur um. Borgin hefur komið okkur mikið á óvart sem er bara ánægjuleg viðbót. Við höfum kynnst matarmenningunni hér og í raun aðeins sögu borgarinnar líka í skipulögðum matartúr um borgina sem var mjög áhugavert.

Kári Jónsson og Dýrfinna Arnardóttir hafa skemmt sér konunglega í Manchester undanfarna daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Einnig fékk fjölskyldan að verja degi með Guðrúnu. Þá var mikið fjör og reynt að dreifa huganum frá fótboltanum, sem er líka nauðsynlegt á svona stórmóti.“

Leikurinn á fimmtudag gegn Ítölum var erfiður en stemningin í stúkunni var þó frábær að Dýrfinnu og Kára sögn. „Hópurinn mætti snemma í fan zone-ið og gíraði sig vel upp fyrir leikinn. Dagskráin þar var virkilega flott og svo þrammaði hópurinn saman á leikvanginn.“

Auðvitað var spennan mikil fyrir leik og eftir frábæra byrjun hjá stelpunum, þegar Karó skorar geggjáð mark snemma, trylltist allt í stúkunni. Ítalir tóku svolitíð yfir leikinn í seinni hálfleik, fannst okkur, en við gerðum virkilega vel að halda út og berjast. Það er samt ekki hægt að neita því að það var komið smá stress í stúkuna undir lokin.“

Hörku verkefni

Lokaleikurinn á mánudag gegn Frökkum verður erfiður en þau eru hæfilega bjartsýn. „Frakkarnir eru klárlega með gríðarlega sterkt lið og þetta verður hörku verkefni en við höfum fulla trú á að liðið geti náð í góð úrslit úr þeim leik.“

Franska liðið er búið að tryggja sig upp úr riðlinum þannig að mögulega koma þær aðeins slakari inn í þennan leik og vonandi getum við nýtt okkur það. Ef íslensku stelpurnar einbeita sér að sínum leik og gefa allt í þetta, þá getur allt gerst. Við erum að minnsta kosti mjög spennt fyrir leiknum og bjartsýn á góð úrslit. ■

77 Svo er mjög mikið af Íslendingum hérna sem er skemmtilegt, við rekumst á Íslendinga á nánast öðru hverju götuhorni.

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Viltu vera í fremstu röð ráðninga á Íslandi?

Viltu ráða?

Hagvangur vill efla sterkan hóp ráðgjafa sem öll brenna fyrir ráðningum, mannauðsráðgjöf og skyldri þjónustu.

Viðskiptavinir okkar eru fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök af öllum stærðum og gerðum í eigu innlendra sem erlendra aðila. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera undirstaða framfara í íslensku atvinnulífi.

Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi og starfar ráðgjafinn bæði sjálfstætt og í öflugum teymi þar sem fagmennskan er höfð að leiðarljósi.

Ef þú brennur fyrir ráðningum, vilt styrkja tengslanetið og kynnast öllum krókum og kimum í íslensku atvinnulífi skaltu endilega hafa samband.



HAGVANGUR

Í meira en 50 ár hefur Hagvangur verið þátttakandi í íslensku atvinnulífi. Við höfum leitt saman fólk af fagmennsku og trúnaði, með fyrsta flokks persónulega þjónustu að leiðarljósi. Þannig höfum við lagt okkar af mörkum í íslensku atvinnulífi og ætlum svo sannarlega að halda því áfram.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Framkvæmdastjóri

Hlein óskar eftir að ráða framsýnan framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri heimilisins sem er starfrækt alla daga ársins. Starfið er fjölbreytt og krefst skipulagsfærni, útsjónarsemi og góðrar getu til að stýra daglegum rekstri. Stór hluti starfsins er virk þátttaka í daglegu lífi og umönnun íbúanna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Æskilegt að viðkomandi sé hjúkrunarfræðingur en einnig koma til greina aðrar heilbrigðisstéttir með fullgilda menntun með lögverndað starfssvið
- Reynsla af rekstri er kostur
- Leiðtogaþæfileikar og stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum
- Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Prautseigja, frumkvæði og metnaður í starfi
- Gott orðspor og hreint sakavottorð skilyrði

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með **3. ágúst nk.** Umsækjendum er bent á að ráðið er í starfið til 5 ára í senn með möguleika á framlengingu til 5 ára í hvert sinn.

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is.

Hlein er heimili fyrir sjö fatlaða einstaklinga, staðsett á lóð Reykjalundar og í eigu SÍBS. Heimilið er sjálfstætt og mun áfram njóta þjónustu og samstarfs við Reykjalund. Markmið starfseminnar er að tryggja lífsgæði íbúa á Hlein sem best svo þeir eigi möguleika á að lifa innihaldsríku lífi þrátt fyrir fötlun og veikindi. Heimilið er rekið samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands.



Sótt er um starfið á hagvangur.is



hagvangur.is

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Störf lektora

við Háskóla Íslands

Sameiginleg störf lektora við Menntavísindasvið og önnur fræðasvið HÍ eru laus til umsóknar

Háskóli Íslands leggur áherslu á þverfaglegt samstarf, hann á í frjóu samtali við samfélag, atvinnulíf og háskóla um heim allan. Til þess að vinna að frekari þverfræðileika eru auglýst þrjú sameiginleg störf lektora við Menntavísindasvið og önnur fræðasvið skólans.

Íslenska sem annað mál

Laust er til umsóknar fullt starf lektors í íslensku sem öðru máli. Um er að ræða sameiginlegt starf við Menntavísindasvið og Hugvísindasvið. Starfið tilheyrir Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði og Íslensku og menningardeild á Hugvísindasviði.

Helstu verkefni

- Kennsla á grunn- og meistarastigi í íslensku sem öðru máli fyrir háskólanemendur með annað móðurmál en íslensku
- Þátttaka í uppbyggingu stuðningskerfis fyrir nemendur á Menntavísindasviði með íslensku sem annað mál
- Rannsóknir í íslensku sem öðru máli
- Leiðsögn með lokaverkefnum nemenda
- Þátttaka í þróun þverfræðilegs samstarfs fræðasviðanna um kennslu og rannsóknir
- Þátttaka í þróun kennsluhátta á báðum fræðasviðum

Guðfræði og trúarbragðafræði

Laust er til umsóknar fullt starf lektors í guðfræði og trúarbragðafræði með áherslu á sögu kristni og kirkju. Um er að ræða sameiginlegt starf við Menntavísindasvið og Hugvísindasvið. Starfið tilheyrir Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild á Hugvísindasviði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennsla og rannsóknir á sviði guðfræði, trúarbragðafræði og trúarbragðafræðikennslu
- Þátttaka í þróun þverfræðilegs samstarfs um kennslu og rannsóknir á milli Menntavísindasviðs og Hugvísindasviðs
- Leiðsögn með lokaverkefnum nemenda
- Þátttaka í þróun kennsluhátta á báðum fræðasviðum

Stærðfræði og stærðfræðimenntun

Laust er til umsóknar fullt starf lektors í stærðfræði og stærðfræðimenntun. Um er að ræða sameiginlegt starf við Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Starfið tilheyrir Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði og Raunvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennsla á grunn- og meistarastigi í stærðfræði og stærðfræðimenntun
- Rannsóknir í stærðfræði og/eða stærðfræðimenntun
- Leiðsögn með lokaverkefnum nemenda
- Þátttaka í þróun þverfræðilegs samstarfs sviðanna um kennslu og rannsóknir
- Þátttaka í uppbyggingu námsleiðanna Stærðfræði og stærðfræðimenntun (BS) og Menntun framhaldsskólakennara - stærðfræðikennsla (MS)
- Þátttaka í þróun kennsluhátta á báðum fræðasviðum
- Samstarf við framhaldsskóla um stærðfræðikennslu

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst nk.

Nánari upplýsingar um störfin og hæfniskröfur, ásamt umsóknarhlekk, er að finna á starfatorg.is.

Frekari upplýsingar veita Kolbrún Þ. Pálsdóttir, sviðsforseti Menntavísindasviðs, kolbrunp@hi.is, Ólöf Garðarsdóttir, sviðsforseti Hugvísindasviðs, olofgard@hi.is og Sigurður M. Garðarsson, sviðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.



Framkvæmdastjóri nýs dótturfélags á sviði greiðslumiðlunar

Kvika er öflugur fjártæknibanki sem stuðlar að umbreytingu og samkeppni á fjármálamarkaði með áherslu á upplifun viðskiptavina, nýsköpun og stafrænt vöruframboð. Starfsumhverfið einkennist af sveigjanleika, samvinnu og liðsheild, frumkvæði starfsfólks, jöfnum tækifærum, trausti og jákvæðu starfsumhverfi. Vörumerki samstæðunnar eru meðal annars TM, Kvika eignastýring, Lykill, Auður, Netgíró og Aur.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Kvika banki leitar að stjórnanda til að leiða nýstofnað dótturfélag bankans á sviði greiðslumiðlunar. Markmið félagsins er að bjóða fyrirtækjum upp á áhugaverðar lausnir og auka samkeppni í greiðslumiðlun og annarri fjármálaþjónustu.

Leitað er að reyndum stjórnanda með mikla leiðtogahæfni sem bera mun ábyrgð á mótun og uppbyggingu þessa nýja félags innan samstæðu Kviku.

Helstu verkefni:

- Mótun og innleiðing á stefnu félagsins í samstarfi við stjórn.
- Uppbygging félagsins, daglegur rekstur og stjórnun.
- Stuðla að nýsköpun og þróun nýrra lausna í greiðslumiðlun.
- Leiða hóp starfsfólks til árangurs.
- Samskipti við viðskiptavini og samstarfs- og hagaðila innan og utan samstæðu Kviku.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni og framúrskarandi samskiptafærni.
- Reynsla og færni í að innleiða stefnu og leiða breytingar.
- Reynsla af nýsköpun og þróun nýrra lausna.
- Þekking og reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Reynsla af greiðslumiðlun.
- Metnaður, árangursdrifni og frumkvæði.
- Brennandi áhugi á nýsköpun í fjármálaþjónustu.

Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR RÁÐGJÖF

FRAMSÝNI OG LEIÐTOGAHÆFNI SVIÐSSTJÓRI EIGNASTÝRINGAR

Viltu stýra fjárfestingum stærsta lífeyrissjóðs landsins og halda utan um eignir ríflega 100.000 sjóðfélaga? LSR leitar að metnaðarfullum, framsýnum og öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra eignastýringar. Viðkomandi mun leiða reynslumikinn hóp sérfræðinga sem starfa í síbreytilegu fjárfestingarumhverfi með trausta ávöxtun og ábyrgar fjárfestingar að leiðarljósi. Framundan eru fjölbreytt og spennandi verkefni við aðstæður sem eru krefjandi en bjóða á sama tíma upp á margvísleg tækifæri.

Helstu verkefni

- Ávöxtun eignasafns LSR samkvæmt fjárfestingastefnu.
- Mótun fjárfestingastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar.
- Stjórnun eignastýringarsviðs.
- Ábyrgð á upplýsingagjöf til stjórnar og annarra aðila.
- Ábyrgð á greiningu verðbréfasafns.
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila á fjármálamarkaði.
- Sjóðastýring.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt því að hafa verðbréfaréttindi.
- A.m.k. 5 ára reynsla af eignastýringu.
- Umfangsmikil þekking og reynsla af fjármálamörkuðum.
- Leiðtogahæfni og drifkraftur.
- Framsýni, skipulag og áræðni.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og heilindi.
- Þekking og áhugi á ábyrgum fjárfestingum.
- Gott vald á hagnýtingu upplýsingatækni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, jafnt í töluðu sem rituðu máli.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí nk.
Sótt er um starfið á vinnvinn.is. **vinnvinn**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Hjá LSR njótum við þess að starfa í jákvæðu umhverfi með metnað og bjartsýni að leiðarljósi. Við búum að mikilli reynslu og þekkingu og vitum að það krefst ábyrgðar og framsýni að ávaxta eignir sjóðfélaga með traustum hætti til næstu áratuga. LSR starfar í samræmi við vottað jafnlaunakerfi og jafnréttisáætlun sjóðsins.





Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Hefur þú brennandi áhuga á fjármálastjórnun og vilt vinna hjá stofnun með framúrskarandi vinnuaðstöðu og góðan starfsanda?

Hlutverk TR er að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni. Nánari upplýsingar um Tryggingastofnun má nálgast á www.tr.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst nk. Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið rökstudd.

Tryggingastofnun (TR) leitar að kraftmiklum fjármálastjóra sem ber ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana fyrir rekstur og þá lífeyrisflokka sem TR hefur umsýslu með. Framkvæmdastjóri á sæti í yfirstjórn og tekur þátt í stefnumótun og þróun TR.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Fjárhagsleg áætlana- og skýrslugerð, gerð greiðsluáætlana og eftirlit með kostnaði.
- Yfirumsjón með fjárreiðum og innheimtu.
- Yfirumsjón með bókhaldi, afstemmingum og gerð ársreikninga.
- Upplýsingagjöf og samskipti við fagráðuneyti og aðra opinbera aðila.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða önnur sambærileg menntun. Krafa gerð um framhaldspróf sem nýtist í starfi.
- Farsæl reynsla af fjármálastjórnun.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í starfi.
- Skipulagshæfileikar og geta til að hafa yfirsýn yfir verkefni.
- Þekking og reynsla af opinberum rekstri og lögum um opinber fjármál er æskileg.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti.



TRYGGINGASTOFNUN

vinnvinn

Umsjón með starfinu hafa Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

vinnvinn



Tvö embætti héraðsdómara laus til umsóknar.

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laus til umsóknar tvö embætti héraðsdómara. Annars vegar embætti dómara sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Reykjaness en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar. Hins vegar embætti dómara sem mun hafa starfsstöð við Héraðsdóm Reykjavíkur en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir ákvörðun dómstólasýslunnar. Skipað verður í bæði embættin frá 1. október 2022.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um:

- 1) menntun og framhaldsmenntun,
- 2) reynslu af dómstörfum,
- 3) reynslu af lögmánsstörfum,
- 4) reynslu af stjórnslustörfum,
- 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv.,
- 6) reynslu af stjórnun,
- 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl.,
- 8) almenna og sérstaka starfshæfni,
- 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum,
- 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og
- 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á:

- 1) ferilskrá,
- 2) afrit af prófskírteinum,
- 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði,
- 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði,
- 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og
- 6) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar.
- 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 2. ágúst nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
15. júlí 2022.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Sölumaður

Ertu öflug/ur, árangursdrifin/n og með reynslu af sölumennsku og þjónustu við mannvirkjajaiðnaðinn?

Vinnupallar ehf eru að stækka söludeildina og leita að söluaðila. Frumkvæði í starfi og drifkraftur í sölustörfum eru eiginleikar sem við metum mikils.

Hæfniskröfur:

- framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- reynsla af sölustörfum
- þekking á mannvirkjajaiðnaði
- reynsla af tilboðs/áætlanagerð
- góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti
- gilt ökuskrifteini er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2022.

Umsóknir óskast sendar í gegnum auglýsingu Vinnupalla hjá alfred.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.

Vinnupallar ehf bjóða hnitmiðað vörurval öruggra áhalda og tækja sem og þjónustu á hagstæðu verði til að styðja við bættu öryggismenningu í mannvirkjajaiðnaði. Við viljum styðja við áframhaldandi þróun í þá átt með auknu vöruframboði á vinnuverndar- og öryggisbúnaði á Íslandi. Við leggjum mjög mikla áherslu á alhliða öryggi vinnustaða og persónulega lausnamiðaða þjónustu.

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Skrifstofustjóri /Aðalbókari

Viðskiptavit ehf leitar að öflugum liðsauka í teymisvinnu á skrifstofu félagsins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf hjá félagi í örur vexti. Um framtíðarstarf er að ræða.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón með rekstri skrifstofu félagsins með góðri yfirsýn
- Þjónusta við verkstaði og samskipti við hagsmunaaðila
- Bókhaldsvinna með nákvæmni að leiðarljósi
- Verkbókhald og utanumhald um dagleg samskipti tengd yfirstandandi verkefnum
- Umsjón með rekstri fasteigna

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun og/eða haldbær reynsla sem nýttist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta og góð færni í Excel
- Reynsla og þekking á DK bókhaldskerfi er kostur
 - Samviskusemi, nákvæmni og áreiðanleiki
 - Frumkvæði, drifkraftur og metnaður
 - Góð samskiptafærni og þjónustulund
 - Vilji til að ná árangri og gera betur í dag en í gær

Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2022.

Umsóknir óskast sendar í gegnum auglýsingu Viðskiptavits hjá alfred.is með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila.



VIÐSKIPTAVIT
- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

Viðskiptavit ehf er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit ehf hefur innan sinna banda reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.

Sölumaður

Gunnar Eggertsson hf óskar eftir að ráða sölumann fyrir skiltagerðarvörur

Hæfniskröfur:

- Þekking á skiltagerðarvörum
- Tölvuþekking
- Íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni
- Kostur að geta gert við tæki og tól til skiltagerðar + Námskeið í boði.

Umsóknir berist á eyjolfur@ge.is



Gunnar Eggertsson hf.

Starfsmaður í framleiðslu



Málning hf. óskar eftir að ráða framleiðslustarfsmann í verksmiðju fyrirtækisins sem fyrst.

Starfsvið felst einkum í samantekt og flutningi hráefna með lyftara og íblöndun hráefna í framleiðslulaganir.

Hæfniskröfur eru stundvísí, reglusemi, dugnaður, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum. Lyftarapróf er æskilegt en ekki nauðsynlegt.

Umsóknir með ferilskrá og upplýsingum um a.m.k. einn meðmælenda sendist á andri@malning.is fyrir 27. júlí nk.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



vinnvinn

Okkar hlutverk er að leysa krafta úr læðingi



Hlutverk háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins er að leiða saman það afl sem býr í háskólastarfi, vísindum, nýsköpun, iðnaði, fjarskiptum og upplýsingatækni og stuðla þannig að því að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar.

Til að ná háleitum markmiðum þarf frábæra liðsheilid og við viljum bjóða öll þau velkomin í okkar hóp sem eru tilbúin að flytja fjöll.

Hér munu gefast ótal tækifæri til að móta framtíðina í ráðuneyti sem ætlar sér að vera leiðandi í verkefnaíðuðu vinnulagi og árangursdrifinni nálgun.

Snillingur í nýsköpun

Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur efnahagslegrar velgengni heldur lykillinn að úrlausnum á stærstu viðfangsefnum framtíðarinnar. Við leitum að skapandi einstaklingi sem býr yfir víðtækri þekkingu og reynslu af stuðningsumhverfi nýsköpunar og vill leggja sitt af mörkum til að byggja upp traustan grundvöll fyrir hugvitsdrifna nýsköpun á öllum sviðum.

» **Mótun stuðningsumhverfis og alþjóðasamstarf á sviði nýsköpunar og sjálfbærrar atvinnuþróunar**

Spekingur á sviði háskóla og vísinda

Háskólar landsins gegna lykilhlutverki í uppbyggingu þekkingarsamfélags enda er öflugt háskólastarf forsenda þess að íslenskt samfélag geti tekist á við áskoranir nýrra tíma. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem býr yfir yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu og vill leggja sitt af mörkum til uppbyggingar framúrskarandi háskóla.

» **Stefnumótun og alþjóðasamstarf um stuðning við öflugt háskóla- og vísindastarf**

Talnaspekingur sem elskar árangursmælikvarða

Árangur er lykilhugtakið í öllu starfi ráðuneytisins og því er mikil áhersla lögð á að til staðar séu traust gögn og skýrir mælikvarðar. Við erum að leita að talnaspekingi sem kann þá list að lesa skýrar niðurstöður úr flóknum gögnum og miðla þeim áfram á einfaldan og skýran hátt. Ráðuneytið verður jú að vita hvort þær aðgerðir sem það stendur fyrir séu að virka eða ekki!

» **Framsetning, skilgreining og mat á mælikvörðum**

» **Árangursmat á þeim verkefnum sem ráðuneytið stýrir**

Umsóknarfrestur um öll störf er til **18. júlí**. Allar nánari upplýsingar um störf, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is. Ráðuneytið leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um. Ráðuneytið er jákvætt fyrir störfum óháð staðsetningu.



Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Undir sama þaki

Vilt þú starfa á nútímalegum vinnustað sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu, miðlun og stafræna þróun?

Fasteignaskrá hefur nú flust til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Við leitum því að öflugum fólki til að efla þjónustu okkar. Hlutverk HMS er að vernda líf og heilsu, eignir og umhverfið.

Við viljum minnka vistspor á málefnasviðum, lágmarka soun með skilvirkri stjórnsýslu og framúrskarandi þjónustu á stafrænni vegferð okkar. Þar gegnir starfsfólkið lykilhlutverki.

UT-störf:

Taktu þátt í skýjavegferð okkar til framtíðar

Fjölbreytt og krefjandi verkefni eru framundan við þróun og viðhald upplýsingakerfa sem skipta sköpum fyrir samfélagið og verða hluti af nýrri framtíðarsýn stofnunarinnar. Við leitum því að fólki til að ganga til liðs við öflugt þróunarteymi okkar. HMS leggur áherslu á fjölbreytni og hvetur konur í upplýsingatækni því sérstaklega til að sækja um.

APEX/ORACLE FORRITARI

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Þekking á Oracle (PL/SQL og Apex) er skilyrði
- Þekking á Javascript er kostur
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og þróun núverandi og nýrra lausna HMS
- Þátttaka í þróunarteymi
- Samvinna við aðrar einingar
- Þróun hugbúnaðarlausna í skýinu
- Greina kröfur með tilliti til gagna

FRAMENDAFORRITARI

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Þekking á React, Javascript, HTML og CSS er skilyrði
- Þekking á Typescript, kortavirkni og OpenLayers er kostur
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og þróun núverandi og nýrra lausna HMS
- Þátttaka í þróunarteymi
- Samvinna við aðrar einingar
- Þróun hugbúnaðarlausna í skýinu
- Greina kröfur með tilliti til gagna

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði
- Þekking á MS SQL er skilyrði
- Þekking á C#, .NET, REST eða sambærilegu er skilyrði
- Reynsla af hugbúnaðargerð er kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Lipurð í teymisvinnu og samskiptum

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Mótun og þróun núverandi og nýrra lausna HMS
- Þátttaka í þróunarteymi
- Samvinna við aðrar einingar
- Þróun hugbúnaðarlausna í skýinu
- Greina kröfur með tilliti til gagna

Stjórnandi:**Vilt þú leiða þróun aðferða við fasteignamat?**

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða teymi sem vinnur að gerð fasteignamats. Viðkomandi ber ábyrgð á starfsfólki teymisins, áætlanagerð og verkstýringu.

TEYMISSTJÓRI FASTEIGNAMATS**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Háskólamenntun í verkfræði, tölfræði, stærðfræði eða skyldum greinum, framhaldsmenntun er skilyrði
- Þekking á forritun og SQL gagnagrunnsvinnslu
- Öflug greiningarhæfni og lausnamiðuð hugsun
- Þekking á Python, R, Power BI er kostur
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af byggingar- og/eða fasteignamarkaði er kostur
- Skipulagshæfileikar, leiðtogaþæfni, metnaður og drifkraftur
- Samskiptahæfileikar og hæfni í stýringu verkefna og teyma

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Leiða viðhald og þróun á matsaðferðum við gerð fasteignamats ásamt gagnaöflun og tölfræðiúrvinnslu
- Greina upplýsingar um fasteignamarkaði á Íslandi
- Halda utan um skilgreiningu á gögnum í fasteignaskrá
- Tryggja að réttum fasteignagögnum sé miðlað í vefþjónustum, vefuppfletti á ytri vef og í afhendingu skráa

Umsóknarfrestur er til 12. ágúst 2022

Um er að ræða full störf og æskilegt er að umsækjendur geti byrjað sem fyrst. Kjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum. Lögð er rík áhersla á fjölbreytni og við hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um, óháð kyni.

Sendið umsóknir í gegnum **Alfred.is** ásamt ferilskrá og kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda og skýrir áhuga á starfinu. Umsóknir geta gilt í hálf tveggja ára frágangur frá því að frestur rennur út.

Nánari upplýsingar

Þóra Björk Eysteinsdóttir, mannauðsstjóri,
thora.eysteinsdottir@hms.is

UT-störf:

Kristín Björk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,
kristin.jonsdottir@hms.is

Stjórnandi:

Tryggvi Már Ingvarsson, framkvæmdastjóri,
tryggvi.ingvarsson@hms.is

Einnig í 440 6400 eða á hms.is





ÚTBOÐ

Grundarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið: Viðgerðir utanhúss 1. áfangi - Íþróttahús Grundarfjarðar. Fyrirhuguð verklok eru 31. nóvember 2022.

Íþróttahús Grundarfjarðar skiptist í tvær byggingar, annars vegar sundlaugarbyggingu og hins vegar íþróttahús. Sundlaugarbygging er byggð árið 1978 og íþróttahúsið árið 1986 skv. Þjóðskrá Íslands. Verkefni þetta tekur yfir austurhlíð íþróttahússins sem er byggt síðar og uppbygging þess steyptur útveggur einangraður að utan og klæddur með múrklæðningu. Verkefnið felst í því að fjarlægja múrklæðningu, framkvæma almennar steypuviðgerðir og klæða austurhlíð hússins ásamt því að endurnýja glugga á austurhlíð hússins.

Helstu magntölur eru:

Rif og förgun á núverandi múrklæðningu og einangrun	275 m ²
Múrviðgerðir á köntum	115 m
Endurnýjun glugga og hurða	29 stk
Álklæðning, einangrun og undirkerfi	275 m ²

Peir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við EFLU með því að senda tölvupóst á netfangið utbod@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Útboðsgögn afhent í gegnum utbod@efla.is frá og með miðvikudeginum 20. júlí 2022.

Opnun tilboða fer fram 05. ágúst 2022 hjá EFLU, Lynghálsi 4, 110 Reykjavík kl. 14:00.

☎ 412 6000 🌐 efla.is

ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

RARIK 22006 Aflspennar

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á útboðsvef RARIK (utbod.rarik.is).

Skila þarf tilboðum á útboðsvefnum fyrir kl. 14:00, fimmtudaginn 15. september 2022.



Sími 528 9000 | utbod.rarik.is

Við leiðum fólk saman



HAGVANGUR

hagvangur.is



Spennandi tækifæri hjá Símanum



Sérfræðingur í mannauðsmálum

Síminn leitar að einstaklingi sem hefur metnað og ástríðu fyrir mannauðsmálum og vill taka þátt í að móta menningu vinnustaðarins til framtíðar.

Við leitum að jákvæðum og hugmyndaríkum einstaklingi í mannauðsteymi Símans í tímabundið starf til 12 mánaða. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á öllu sem tengist mannauðsmálum og fyrirtækjamenningu. Við leitum að öflugum einstaklingi, sem hefur gaman af því að vinna með fólki, er með ríka þjónustulund og með jákvætt viðhorf gagnvart breytingum og fjölbreyttum áskorunum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Viðhald gagna í mannauðskerfum
- Aðstoð við ráðningarferli
- Stuðningur við fræðslusérfræðing
- Aðstoð við jafnlaunavottun
- Umsjón með námsstyrkjum
- Stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Verkefni tengd þróun mannauðs og menningar

Menntun og hæfni

- Menntun í mannauðsstjórnun eða sálfræði æskileg
- Reynsla af ráðningum kostur
- Þekking á Kjarna kostur
- Reynsla af fjölbreyttum mannauðstengdum verkefnum
- Tæknifærni, geta til að greina og nota gögn

Persónulegir eiginleikar

- Frumkvæði, jákvæðni og drifkraftur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulipurð
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Framsýni og umbótahugsun

Fræðslusérfræðingur

Síminn leitar að einstaklingi sem hefur metnað og ástríðu fyrir fræðslumálum og vill taka þátt í að skapa jákvæða upplifun starfsfólks og vinnustaðarmenningu sem styður við starfsþróun og vöxt. Fræðslusérfræðingur verður hluti af mannauðsteymi Símans og vinnur að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að starfsþróun starfsfólks auk annarra mannauðstengdra verkefna.

Helstu verkefni

- Þarfagreining og innleiðing fræðslustefnu
- Skipulagning og utanumhald fræðslu
- Þróun rafrænnar fræðslu
- Hönnun og gerð fræðsluefnis
- Mælingar á árangri fræðslu
- Önnur mannauðstengd verkefni

Menntun og hæfni

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af gerð og hönnun fræðsluefnis
- Þekking og reynsla af Eloomi fræðslukerfinu kostur

Persónulegir eiginleikar

- Frumkvæði og drifkraftur
- Skapandi hugsun og jákvæðni
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Síminn er traust og framsækið fyrirtæki á sviði fjarskipta og afþreyingar sem vill laða til sín framúrskarandi starfsfólk. Við leggjum áherslu á sterka liðsheild, hvetjandi starfsumhverfi og tækifæri til starfsþróunar og vaxtar. Starfsfólk hefur aðgang að framúrskarandi mötuneyti, fyrsta flokks kaffihúsi ásamt frábæru samstarfsfólki.

Sótt er um starfið á siminn.is/storf. Umsóknarfrestur er til og með **2. ágúst 2022**.
Nánari upplýsingar veita sérfræðingar sjálfbærni og menningar hjá Símanum; mannaudur@siminn.is

Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við öll kyn til að sækja um.



Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2022 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslu-gjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Esjumelar, Norðurgrafarvegur og Bronsslétta, Gatnagerð og stofnlagnir**, útboð 15610.
- **Bólstaðarhlíð 43 – endurnýjun á þaki**, útboð 15611

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími 411 1111

Netfang: utbod@reykjavik.is

Útboð



Hellisgerði - hellulögn á aðalgöngustíg

Um er að ræða í þessum 1. áfanga að leggja aðkomutorg og aðalgöngustíginn með náttúrusteini að hluta og hellum. Svæðin verða snjóbrædd.

Verklok eru 25.10.2022.

Tilboð verða opnuð 26.07.2022 kl. 11:00.

Nánar á: hfj.is/utbod



Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi. Framlenging á kynningartíma.

Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2, 3, Þinghólsbraut 77 og 79. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 12. apríl 2022 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóða við Bakkabraut 2 og 4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77 og 79. Svæði 13 á þróunarsvæði á Kársnesi, ÞR-1 samkv. Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Í tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum víki og íbúðarhús rísi þess í stað. Skipulagssvæðið afmarkast af Þinghólsbraut og lóðamörkum Þinghólsbrautar 73 og 75 í austri, fyrirhugaðri nýrri veltengingu milli Borgarholtsbrautar og Bakkabrautar í norðri, fyrirhugaðs nýs hafnarkants til vesturs og suðurs. Gert er ráð fyrir að heildarþéttleiki íbúða á reitnum verði að hámarki 150, á 2-4 hæðum þar sem 4. hæðin verður inndregin. Gert er ráð fyrir 0,75-1 bílastæði pr. íbúð og að u.þ.b. 90% þeirra verði í innbyggðum og niðurgrofnum bílageymslum. Fyrirhugað er að heildarbyggingarmagn á svæðinu verði 24.995 m² ofan- og neðanjarðar með nýtingarhlutfalli 1,9. A-rými ofanjarðar 18.700m². B-rými ofanjarðar 2.595m². A-rými neðanjarðar 2.180m². B-rými neðanjarðar - Bílakjallari - 3.800m². Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 og 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 30. mars 2022. Tillögunni fylgir einnig minnisblað um samgöngur frá VSÓ ráðgjöf dags. 26. apríl 2022, áhættumat vegna loftslagbreytinga dags. 27. apríl 2022 og minnisblað um umhverfisáhrif dags. 27. apríl 2022. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 13:00 föstudaginn 19. ágúst 2022.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi



Kópavogsbær

kopavogur.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf
óskar eftir tilboðum í framkvæmdina:
STEKKJASKÓLI 2. ÁFANGI
ALÚTBOÐ - HÚSBYGGING,
Útboð nr. 2006052

Lauslegt yfirlit yfir verkið:

Verkið felst í áframhaldandi uppbyggingu Stekkjaskóla í Björkurstykki á Selfossi, annar áfangi. Byrjað er að reisa fyrsta áfanga skólabyggingarinnar og er stefnt að því að taka bygginguna í notkun í lok árs 2022. Þá er einnig lokið við smíði og uppsetningu á færnanlegum skólastofum grunnskólans. Verkefnið, Stekkjaskóli í Björkurstykki, 2. áfangi, skiptist í fullnaðarhönnun og byggingu annars áfanga skólans. Fullnaðarhönnun skal byggja á fyrirbyggðri forhönnun Hornsteina arkitekta og Eflu verkfræðistofu og er ætlast til þess af bjóðendum að þeir fylgi þeirri forskrift sem þar er lýst en ekki að þeir leggi til nýjar lausnir í stærð mannvirkis, formi þess eða skipulagi.

Framkvæmdum skal að fullu lokið 5. júlí 2024

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour
Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/fa667ca7-aa8d-4810-affe-d8a4a11ef321>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour.
Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 14:00 þriðjudaginn 23. ágúst 2022

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Fasteignafélag Árborgar slf



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is



Vesturberg 61

109 Reykjavík

🏠 Einbýli ↔ 286 fm 🛋️ 6-7 herb. + aukaíbúð



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120

109.900.000



Látraströnd 46

170 Seltjarnarnes

🏠 Raðhús ↔ 180.3 fm 🛋️ 6 herb.



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

148.500.000

OPIÐ HÚS
18. júlí 17:30-18:00



Fagrihjalli 34

200 Kópavogur

🏠 Parhús ↔ 193,3 fm 🛋️ 6 herb.



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
861 8514

124.900.000

OPIÐ HÚS
19. júlí 17:00-17:30



Furugrund 52

200 Kópavogur

🏠 Fjölbýli ↔ 86 fm 🛋️ 4 herb.



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

54.900.000



Seljabraut 42

109 Reykjavík

🏠 Íbúð - bílageymsal ↔ 94,8 fm 🛋️ 4-5 herb.



Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166

54.900.000



Kópavogsbraut 78

200 Kópavogur

🏠 Íbúð ↔ 88,5 fm 🛋️ 3ja herb.



Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
bjarni@eignamidlun.is
895 9120

67.000.000

OPIÐ HÚS
18. júlí 18:00-18:30



Burknaveilir 1a

220 Hafnarfirði

🏠 Fjölbýli ↔ 107 fm 🛋️ 4 herb.



Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

69.900.000

38 glæsilegar
nýjar íbúðir
við Voginn



verið
velkomin í
OPIÐ HÚS
sunnudaginn 17. júlí
kl. 13 - 14

Drómundarvogur 2 og Arkarvogur 10-12 104 Reykjavík

- Vel skipulagðar nýjar **2ja-5** herbergja íbúðir
- Innréttingar úr hnotu frá GKS
- Marmaraflísar á baðherbergjum
- Ísskápur og uppvottavél fylgir íbúðunum
- Bílastæði í bílakjallara
- Einstakt sjávarútsýni úr nokkrum íbúðum



Tryggðu þér íbúð á þessum veðursæla stað
miðsvæðis í Reykjavík



Verð frá: **59,9 millj.**

Árni
Davíð Bergs
aðst. fasteignasali
Sími: 625 2500
arni@miklaborg.is

Jason
K. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Svan
G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Íris Arna
Geirsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Neðristígur 7 801 Þingvellir

Stórglæsilegt 129 fm heils- árshús á vatnsbakkalóð við Þingvallavatn

- Þrjár stofur, arinstofa, borðstofa og notaleg setustofa
- Vel skipulagt hús og fullkomið fyrir slökun
- Mikil lofthæð í húsi, hvítmáluð loft, dökkklitaðir veggir
- Opið eldhús með vönduðum innréttingum
- Útsýni út að vatni innan frá sem utan einstakt
- Glæsileg verönd m aðgang að rafmagnspotti
- Ægífögur lóð með hraun sprungum, gjótum, mosi vaxinn
- Bátaskýli fylgir húsi ásamt flotbryggju
- Glæsileg aðkoma með brýr yfir hraungjótur
- Eignir sem þessar koma afar sjaldan í sölu
- 5400 fm leigulóð m tryggum samningi


Verð: **Tilboð**



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



PANTIÐ EINKASKOÐUN
í síma 695 5520 eða 899 5856



HAFIÐ SAMBAND
VIÐ SÖLUMENN

Fallegt einbýli í Hafnarfirði 220 Hafnarfjörður

- 200 fm arkitektateiknað einbýlishús í nágrenni við Flensborg með sjávarútsýni
- Einstök hönnun - Byggt árið 1990.

s. 8993090 Elin Alfreðsdóttir löggiltur fasteignasali
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali



HAFIÐ SAMBAND
Í SÍMA: 775 1515

Veitingarekstur við Laugavegin

101 Reykjavík

- Fasteign getur fylgt með
- Nánari upplýsingar gefur Jason

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS | **sunnudaginn 17. júlí**
kl. 14.00 - 14.30

Asparás 4
210 Garðabær
Falleg og björt 103,5 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með sérinnngangi

- 2 svefnherbergi
- Gott útsýni frá íbúð með mjög góðum suðursvölum.
- Næg bílastæði eru við húsið.
- Stutt er í alla grunnþjónustu s.s. Sjáländsskóla, leikskóla, verslanir, veitingastaði o.fl.

Verð: **78,9 millj.**



Kjartan I. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS | **Þriðjudaginn 19. júlí**
kl. 16.45 - 17.15

Skúlagata 46
101 Reykjavík
61,1 fm 2ja herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi

- Eignin skiptist í anddyri, stofu og eldhús, baðherbergi og svefnherbergi með skápum.
- Vestursvalir eru út úr stofu.
- Sérgeymsla í kjallara.
- Stæði í bílageymslu

Verð: **49,9 millj.**



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



OPÍÐ HÚS | **Þriðjudaginn 19. júlí**
kl. 16.00 - 16.30

Bólstaðarhlíð 31
105 Reykjavík
Falleg, rúmgóð og vel skipulögð 116,7 fm hæð ásamt 24,8 fm bílskúr,

- Þrjú svefnherbergi
- Tvennar stofur.
- Sér bílastæði fylgir þessari eign fyrir framan bílskúra.

Verð: **84,9 millj.**



Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS | **mánudaginn 18. júlí**
kl. 17.00 - 17.30

Bauganes 15
102 Reykjavík
Fallegt 160 fm einbýli á einni hæð með bílskúr í Skerjafirði

- Stofa borðstofa og eldhús,
- 3 svefnherbergi,
- Baðherbergi, þvottahús
- Innangengt í kjallara
- Frístandandi 28 fm bílskúr
- Heitur pottur og útisturta

Verð: **118,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



OPÍÐ HÚS | **sunnudaginn 17. júlí**
kl. 14.00 - 14.30

Dverghamrar 24
112 Reykjavík
Góð 183,2 fm efri sérhæð í tvíbýli við Grafarvoginn

- 3 svefnherbergi
- Nýlegt eldhús og baðherb.
- Stofa og borðstofa
- Sjónvarpsstofu (mögulega svefnherbergi)
- Rúmgóður bílskúr

Verð: **128,9 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

OPÍÐ HÚS | **sunnudaginn 17. júlí**
kl. 14.00 - 14.30

Hálsasel 35
109 Reykjavík
Fallegt 190,8 fm einbýli á þremur hæðum

- Aðalhæð: anddyri, gesta-snyrtng, baðherbergi, eldhús, þvottahús, stofur og 2 svefnherbergi.
- Efri hæð: stofa með útgengt á suðursvalir, 3 svefnherbergi og baðherbergi.
- Óskráð 65fm rými í kjallara
- Bílskúr með geymslu lofti.
- Falleg gróin lóð með palli
- Stutt í skóla og þjónustu.

Verð: **132 millj.**



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Einstakt tækifæri til uppbyggingar í ferðamennsku á besta stað á Gullna hringnum

NÁNARI UPPLÝSINGAR hjá Friðrik í síma **616 1313**

Neðri-Dalur og Stallar
806 Biskupstungum

Jörðin Neðri-Dalur og lögbýlið Stallar í Biskupstungum

- Stærð um 1200 Ha., þ.a. um 400 Ha á láglandi
- Mikil náttúrufergurð og útsýni.
- Heitt vatn er á jörðinni.
- Næsta jörð (vestan) við GEYSI
- 2ja km frá Geysi og stutt í Gullfoss
- Frábær staðsetning í alfaraleið
- Einbýlishús, hlaða og gróðurhús

Nánari upplýsingar veitir: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignas. Sími: 616 1313 fridrik@miklaborg.is Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali

Verð: **Tilboð**

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Sæviðarsund 2
104 Reykjavík

Fallegt 163 fm endarahúðs á einni hæð, með skjólríku suðurgarði

- 4 svefnherbergi - Suðurgarður
- Endurnýjað baðherbergi - Bílskúr
- Mögulegt að stækka eignina um 30-40 fm með því að gera innangengt úr stofu í sólstofu

Nánari upplýsingar: s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Sunnsmári 4
201 Kópavörur

Ný 3ja herbergja 86 fm íbúð á 6. hæð

- Tvö svefnherbergi
- Stofa og eldhús í opnu rými með útgengt er á svalir.
- Sér bílastæði fylgir
- Lyftuhús, byggt árið 2022

Nánari upplýsingar: s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Fyrir 60 ára og eldri

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Skúlagata 20
101 Reykjavík

Góð 64,4 fm 2ja herb. útsýnisíbúð á 5. hæð

- Góð aðkoma er að húsinu Lindargötumegin og eru bílastæði þar fyrir íbúa
- Útgangi á suðursvalir
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning
- Geymsla er innan íbúðar. Húsvörður er í húsinu

Nánari upplýsingar: s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

NÝTT Í SÖLU

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 775 1515

Engjateigur 17-19
105 Reykjavík

Falleg 109,9 fm 4ra herbergja íbúð með sérinnngangi í Listhúsinu.

- Eign á tveimur hæðum og mikil lofthæð.
- Tvö góð svefnherbergi ásamt svefnlofti.
- Tvennar stofur, sólstofa, baðherbergi með þvottaaðstöðu.
- Sameiginlegar þaksvalir til suðurs

Nánari upplýsingar: s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna til sölu, hafið samband við sölumenn okkar bókið skoðun og fáið frítt verðmat.**

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Smiðshöfði 9

110 Reykjavík

Gott og vel skipulagt iðnaðarhúsnæði á Höfðanum

- Stendur á 1.560 m² lóð með stóru afgangi útisvæði með bílastæðum. Hægt er að loka útisvæðinu með hliði og er það því eingöngu til afnota fyrir þá starfsemi sem er í húsinu.
- Neðri hæð: móttöka, kaffistofa, geymslur, starfsmannaáðstaða, prentsalur, tveivinnusalir með lofthæð og innkeyrsluhurð, sprautuklefi, lager með innkeyrsluhurð og þrjá aðra vinnusali.
- Efri hæð: skrifstofur, geymslur, kaffi- og setustofu og fjóra vinnusali.

Verð: **420 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:

Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is



MIKLABORG | Með þér alla leið



HAFÍÐ SAMBAND
við þróst í síma 897 0634



569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

NÝTT Í SÖLU



HAFÍÐ SAMBAND
við Elinu í síma 899 3090 eða Jason í 775 1515

Einbýli í Hafnarfirði

220 Hafnarfjörður

- 200 fm arkitektateiknað einbýlishús í nágrenni við Flensborg með sjávarútsýni.
- Einstök hönnun.
- Byggt árið 1990.



Nánari upplýsingar:
Elin Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

MIKLABORG

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Hlíðasmára 2 • 201 Kópavogi • Sími: 512 4900 • www.landmark.is • landmark@landmark.is



BRÚARFLJÓT 5 - 270 MOS.

TIL SÖLU EINKAR VANDAÐ ATVINNUBIL Á FRÁBÆRUM STAÐ

- Stærð 108 fm. Grunnflötur 6m x 18m og 12m x 18m
- Malbikuð og afgangi lóð með öryggishliðum.
- Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan
- Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m
- Afhending við kaupsamning
- Möguleiki að gera milliloft allt að 50 fm.

Verð: **41,9 millj.**

ÞÓRARINN
Löggiltur fasteignasali.
s. 770-0309

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita að þér?

EIGNAMIÐLUN



Brúarfljót 5

270 Mosfellsbær

TILBÚÐ TIL AFHENDINGAR.

Nýtt iðnaðarbil að Brúarfljóti 5. Bil J með Afgirt lóð! Bilið skilast með fullfrágengnum vinnusalum sem og afstúkaðri kaffistofu með borðplötu og vaski og salernisaðstöðu með handlaug og ræstivaski. Iðnaðarhurð (þ 4.0m/ h 4.2m) með rafopnun, hver hurð með einni gluggaröð. Gönguhurðir að framan og aftan auk glugga. Skjálir í þaki sem hleypra inn birtu. Lóðin er malbikuð og afgirt, með tveimur rafmagnshliðum.



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
824 9096

41.900.000

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

EIGNAMIÐLUN



Útey

806 Selfoss



Sumarhús



62 fm



3 herb.

33.900.000



Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta



GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100





Dagný Gylfa-dóttir keramikhönnuður hannaði verðlaunagripinn fyrir Laugavegshlaupið í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Fjöllin táknræn fyrir Ísland



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun @frettabladid.is

Laugavegshlaupið fer fram í dag en 650 galvaskir hlauparar eru mættir til leiks í Landmannalaugar. Keramikhönnuðurinn Dagný Gylfa-dóttir hannaði verðlaunagripina fyrir hlaupið.

- 20 Egni snaga með kynfrumu músabana (8)
- 21 Kvöldskúr frá enda dags (7)
- 22 Ég vil miða við lim bjarka í léttu rugli (7)
- 23 Jón og kó munu síga meðal rússneskra riddara (7)
- 25 Æstur en þó stilltur – og ægilega lengi að öllu (7)
- 26 Um það sem áður var skrifað m.ö.o. (7)
- 27 En sé það nær landi þjóðar sem engu trúir, hvað þá? (7)
- 29 Fljót að jafna sig eftir sly og ófarir (5)
- 30 Sá sem tætir stefnin er kallaður hvað? (7)
- 31 Erfiðissinni er að burðast við að lyfta þessu núna (7)
- 38 Hið herfilega kif um nöldur (8)
- 40 Bráðræði doktor Kjána fangar augnablikið (7)
- 41 Hér sjáid þið fátækt fólk með smávaxnar skepnur (7)
- 42 Þesi visar til skriflegra heimilda um hina (7)
- 43 Augu renna hratt yfir ófullkomin sönnungargögnin (6)
- 44 Broddstafur bætti úr ranglæti sem hann olli sjálfur (6)
- 46 Flæmdi garn sem fyrr var húfa til himna (6)
- 46 Stigur heitan dans hvar sem vellir leyfa (6)
- 48 Er þetta sker okkar sjálfstætt? (6)
- 49 Þessi tittur etur illa og limríka smokka (6)

LÓDRÉTT

- 1 Huslar gæludýr fyrir mannætuskepnu (9)
- 2 Róta hálfpartinn í því

VEGLEG VERÐLAUN

FORLAGIÐ

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þernan, eftir Níta Prose** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík**.



Blaðið með bollanum



Taktu Fréttablaðið með í fríð

Fréttablaðs-appið gerir þér kleift að
lesa blað dagsins í snjalltækinu þínu.
Hvar sem er, þegar þér hentar.

Sæktu appið hér



Opnaðu myndavélina í símanum
og skannaðu QR kóðann

Laugardagur

Hringbraut

- 18.30 Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
- 19.30 Saga og samfélag (e)** Málafni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu og margt fleira.
- 20.30 Fjallaskálar Íslands (e)**
21.00 Undir yfirborðið (e)

RÚV Sjónvarp

- 07.06 Smástund**
07.10 Tikk Takk
07.15 KrakkaRÚV
09.25 Stundin okkar
09.55 Sumarlandabrot
10.00 HM í frjálsíþróttum
13.00 Taka tvö II Páll Steingrímsson
13.50 Steve Backshall ræðst á brattann - Seinni hluti
14.40 Sumarlandinn
15.15 Íslendingar Herdís Þorvaldsdóttir
16.10 Sögur frá Listahátíð
16.20 Ómurleg mamma
16.50 Mótorsport
17.20 Hundalíf
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Sögur af apakóngi
17.53 Sögur - stuttmyndir
18.07 Sögur - Stuttmyndir
18.15 Miðaldafréttir Skarðsbók
18.17 KrakkaRÚV
18.20 Sumarlandabrot
18.30 Fréttayfirlit Fréttir
18.35 EM stofan Upphitun fyrir leik
18.50 Danmörk - Spánn Bein útsending frá leik á EM kvenna í fótbolta.
20.50 EM stofan Uppgjör á leik
21.00 Fréttir
21.25 Íþróttir
21.30 Veður
21.40 Lottó
21.45 Söngsveitin Military Wives
23.35 Nærmyndir - Að leika samlokur
00.05 HM í frjálsíþróttum Bein útsending
03.05 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 The Bachelorette**
14.00 The Block
14.00 The Block
15.00 Young Rock
15.25 This Is Us
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Extreme Makeover. Home Edition
18.25 Ghost Town
20.05 School of Rock
21.50 Save the Last Dance
23.45 Peppermint
01.25 Bleeding Heart
02.50 Love Island
03.35 Love Island
04.20 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
11.55 Bob's Burgers
12.15 Impractical Jokers
12.40 Bold and the Beautiful
14.05 Bold and the Beautiful
14.25 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
15.15 Backyard Envy
16.00 Ísskápastríð
16.40 Kviss
17.40 Franklin & Bash
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Top 20 Funniest
19.40 Reality Bites
21.20 Make Up Eftir að Ruth flytur til kærasta síns í afskekktu sumarhúsaþýggð í Cornwall fer henni að gruna kærastann um framhjáald sem verður að dularfullri þráhyggju.
22.40 Cocktail Tom Cruise fer með aðalhlutverkið í þessari stórgóðu mynd um barþjóninn hæfileikaríka Brian Flanagan sem ræður sig á flottan hanastélsbar á Jamaíka.
00.20 Freaky Hryllilega myndin frá 2020 með Vince Vaughn í aðalhlutverki. Menntaskólastelpa lendir í því að skiptast á líkama við klikkaðan raðmorðingja, ekki nóg með þá heldur hefur hún aðeins sólarhring til stefnu, áður en breytingin verður varanleg.
02.00 Hunter Street
02.20 Bob's Burgers
02.45 Impractical Jokers Spreng-hlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekki í falinni myndavél.
03.05 Backyard Envy
03.45 Franklin & Bash

Sunnudagur

Hringbraut

- 18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.00 Suðurnesja-magasin
Vikurfrétt (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum
19.30 Útkall (e) Útkall er sjónvarpsútgáfan af sivilsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
21.00 Suðurnesja-magasin
Vikurfrétt (e)

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
09.55 Sumarlandabrot
10.00 HM í frjálsíþróttum
13.00 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands (6 af 6)
13.20 Keramik af kærleika
13.50 Bækur sem skóku samfélagið
14.00 Fiskilíf
14.30 Pop- og rokksaga Íslands Heimsyfirráð eða dauði.
15.30 EM stofan Upphitun fyrir leik
15.50 Svíþjóð - Portúgal Bein útsending frá leik á EM kvenna í fótbolta.
17.50 EM stofan Uppgjör á leik.
18.10 Sumarlandabrot
18.15 KrakkaRÚV
18.16 Stundin okkar
18.40 Grænmeti í sviðsljósinu
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Sumarlandinn
20.20 Íslendingar Tómas Guðmundsson.
21.20 Sæluríki Lykkeland
22.05 Poirot Agatha Christie's
23.00 Ísland. bíóland Rödd í heimskór kvikmynda Tímamót verða í sögu íslenskra kvikmynda þegar Börn náttúrunnar er tilnefnd til Óskarsverðlauna. Gluggað er í myndirnar Börn náttúrunnar, Sódóma Reykjavík, Veggfóður, Svo á jörðu sem á himni, Benjamín dúfa, Tár úr steini og Ingaló.
00.00 HM í frjálsíþróttum Bein útsending.
03.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 14.00 The Block**
15.00 PEN15
15.25 Top Chef
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 A Million Little Things
18.25 Ordinary Joe
19.10 State of the Union
19.25 Ræktum garðinn
19.40 Young Rock
20.10 This Is Us
21.00 Law and Order. Special Victims Unit
21.50 Station Eleven
22.50 Love Island
23.35 Pose Skemmtileg þáttaröð þar sem söngur og dans spilar stórt hlutverk.
01.05 FBI
01.50 The Rookie
02.35 Blue Bloods Dramatísk þáttaröð um yfirmann lögreglunnar í New York og fjölskyldu hans.
03.20 Seal Team Sérfræðihópur bandaríska sjóhersins gengur undir nafninu Selir. Fylgst er með þeim æfa og skipuleggja hættulegustu aðgerðir sem fyrirfinnast þar sem allt er undir.
04.05 Love Island Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.
04.50 Tónlist

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
11.35 Simpson-fjölskyldan
12.00 Nágrannar
13.30 Nágrannar
13.50 Best Room Wins
14.35 Sex í forgjöf
14.55 Making It
15.35 Top 20 Funniest
16.15 Britain's Got Talent
17.40 60 Minutes
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Ísskápastríð
19.40 Grand Designs. Sweden
20.25 The Heart Guy
21.15 Grantchester
22.00 Pandore
22.55 The Cleaner
23.25 Warrior
00.15 Shameless
01.10 Brave New World
02.05 Hunter Street
02.30 Hunter Street
02.50 Simpson-fjölskyldan
Best Room Wins
03.55 Making It

Mánudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Lengjudeildarmörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
19.30 Undir yfirborðið (e) Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.00 Fjallaskálar Íslands (e) Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
20.30 Fréttavaktin
21.00 Lengjudeildarmörkin



Cocktail olli straumhvörfum í því hvernig barþjónar helltu í glós á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hvernig blandar maður Red Eye?

Til þess þarftu vokda, bjór, tómatsafa og eitt hrátt egg. Ef þú kannast við þessa uppskrift hefur þú eflaust séð myndina Cocktail eða Hana-stél frá 1988 sem verður til sýningar klukkan 22.40 á Stöð 2 í kvöld. Í henni leikur Tom Cruise barþjóninn og flagarann Brian Flanagan sem leitar að ástum og auðæfum í New York-borg á 9. áratugnum. Nú hafa landsmenn margir hverjir skellt sér í kvikmyndahús undanfarið til þess að sjá nýjustu mynd Cruise, Top Gun: Maverick, en hér er frábært tækifæri til þess að rifja upp fyrri daga kappans. Myndin var ekki talin góð á sínum tíma og þykir það ekki enn. En hún á sérstakan stað í hjörtum þeirra sem elska að finna fyrir fortíðarþrá. ■

■ Við tækið

Ástir og örflögur



Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

Það var gaman að sjá að ný sería af Love, Death and Robots væri dottin inn á Netflix. Þáttaröðin er samansafn af teiknimyndum framleiddum af ólíkum myndverum. Hver þáttur segir afmarkaða sögu en rauði þráðurinn er venjulega einhvers konar tenging við vísindaskáldskap eða fantasíu.

Þrátt fyrir að þættirnir séu misgóðir eru þeir oftast ekki frumlegir og í versta falli stuttir, svo maður eyðir ekki of miklu púðri í að skuldbinda sig einhverju sem endar á að vera drasl. Ólíkur teiknistíll þátt frá þætti heldur hlutunum svo ferskum og þunnan söguþráð má oft afsaka með augnakonfektí.

Í nýjustu seríunni standa tveir þættir upp úr, aðrir tveir reka lestina og hinir falla einhvers staðar á milli. En það er auðvitað per-



sónubundið mat. Þættirnir eru nógu ólíkir til að skoðanir á þeim séu skiptar og bjóða þeir því upp á ágætis rifrildi við vini sem eru of vitlausir til að hafa sama smekk og þú. ■

David Fincher leikstýrir skrimsladrifnum sjávarháskan.



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



SKANNAQR KÓÐANN

frettabladid.is

ÚTSALA

% ENN MEIRI AFSLÁTTUR %

SPARIÐ ALLT AÐ

60%



Pop up

7.995

POP UP TJALD 2ja manna tjald sem er auðvelt að tjalda og taka saman eftir notkun. 220x120x95 cm. Vnr. X92000400



33% afsláttur
FULLT VERÐ: 14.990
9.995

EIDSKOG SVEFNPOKI
Gæða dúnpoki. 80x215 cm. 1.650 g. Poki fylgir með. Vnr. 4703050



Rafmagnskælibox

24 lítra rafmagnskælibox 9.995 nú 7.995
24 lítra kælibox 2.995
VERÐ FRÁ:
2.995

KÆLIBOX
Hægt að stinga rafmagnskæliboxi í samband við 12V í bílnum. Vnr. Y20290070, Y20100230



SESSA FYLGIR

40% afsláttur
FULLT VERÐ: 49.990
29.990

STORD STÓLL
Stóll úr áli og veðurþolnu polyrattanefni. Stiglaus stilling á baki og fótsemli. B45 x L45 x H40 cm. Fæst í natur og svörtu. Vnr. 3791700, 3700018



40% afsláttur



37% afsláttur

FULLT VERÐ: 7.995
4.995

GUDHJEM STÓLL
Staflanlegur stóll úr stáli og veðurþolnu polyrattanefni. Vnr. 3745140

Útdraganlegur

STÆRÐIR:
140x300 14.990 nú 9.995
160x300 18.990 nú 12.990



PEJLT SKJÓLVEGGUR
100% polyester. Grár. Útdraganlegur. Vnr. 3798770

Sparið allt að 6000

NÚ VERÐ FRÁ:
9.995



Sparið 20.000 af setti

36% afsláttur

SESSUR FYLGJA

TUNGUSÓFI
FULLT VERÐ: 54.990

34.990

MORA TUNGUSÓFI
Stál og veðurþolið polyrattanefni. Sessur og púðar með sterku polyesteráklæði fylgja. Hægt að hafa tungu hægra eða vinstra megin. B170 x H76 x D66/141 cm. Vnr. 3700013



%

48% afsláttur

FULLT VERÐ: 24.990
12.990

THY GARÐBORD
Borð úr áli, veðurþolnu polyrattanefni, viðarlíki og graníti. B60 x L60 x H72 cm. Vnr. 3793300



33% afsláttur

FULLT VERÐ: 29.990
19.990



KARLBY BEKKUR MEÐ GEYMSLU
Óliuborinn FSC vottaður harðviður. Með pumpu á loki sem auðveldar opnun. Frostþolinn. Sessa fylgir. B128 x H43 x D42 cm. Vnr. 3736910



33% afsláttur

FULLT VERÐ: 29.990
19.990



MANDAL SÓLBEKKUR Á HJÓLUM
Lakkaður FSC vottaður eukalyptusviður. B71 x L197 x H33 cm. Vnr. 3700086



Sparið 10.000 af setti

% ÚTSALA %
OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ

28% afsláttur

SESSUR FYLGJA

ALLT SETTIÐ
FULLT VERÐ: 34.990

24.990

JUTLANDIA®
YDBY GARÐHÚSGAGNASETT
Borð úr stáli og hertu gleri. B50 x L85 x H38 cm. 2ja sæta sófi og stóll úr stáli og sterku netáklæði. Sófi + borð + 2 stólar. Vnr. 3732120



Meistaramótsmolar

Stærstu mót hvers keppnistímabils í golfklúbbum landsins eru Meistaramót klúbbanna. Jafnan fara mótin fram í júlímánuði og er flestum þeirra lokið. Mörg tilþrif sáust á völlum í ár viðs vegar um landið.

Draumahringur á Mýrinni

Gunnar Þór Heimisson lék sannkallaðan draumahring á lokadegi Meistaramóts GKG í flokki 13-14 ára drengja. Gunnar Þór gerði sér lítið fyrir og lék lokahringinn á 60 höggum, eða á 8 höggum undir pari Mýrinnar. Hann jafnaði með spilamennsku sinni við Arnar Daða Svavarsson og vann hann svo á fyrstu holu bráðabana með góðum fugli. Gunnar er á 14. ári en Arnar Daði er nýorðinn 13 ára. Gunnar Þór fékk tvo skolla, sex fugla og tvo glæsilega erni á hringnum.

Vallarmet á Hlíðavelli

Kristófer Karl Karlsson varð klúbbmeistari GM í annað sinn í ár en hann setti einnig glæsilegt vallarmet á öðrum hring þegar hann lék Hlíðavöll á 62 höggum. Fyrra metið áttu þeir Björn Óskar Guðjónsson, síðan á lokahring Meistaramótsins á síðasta ári og Ingi Þór Ólafsson, sem jafnaði það á Icelandic Junior Midnight Challenge í lok síðasta mánaðar. Fyrra metið var 65 högg.

18 titlar Nínu Bjarkar

Nína Björk Geirsdóttir varð klúbbmeistari GM í 18. sinn í ár. Hún varð fyrst klúbbmeistari árið 1998. Þá varð hún klúbbmeistari fimm ár í röð á árunum 2005-2009, fjögur ár í röð á árunum 2013-2016 og titillinn í ár var sá fjórði í röð frá árinu 2019 – ótrúlegur árangur.

Fljúgandi feðgin í Flóahreppi

Hlynur Geir Hjartarson varð klúbbmeistari GOS í 14. sinn í ár. Hann varð fyrst klúbbmeistari árið 1999. Hann varð þá m.a. klúbbmeistari fjögur ár í röð á árunum 2003-2006 og átta ár í röð á árunum 2011-2018. Árin 2016 og 2017 varð Heiðrún Anna Hlynsdóttir klúbbmeistari en hún er eldri dóttir Hlyns Geirs. Þá varð Heiðrún Anna klúbbmeistari árið 2020. Í ár varð það yngri dóttir Hlyns Geirs sem hampaði sínum fyrsta klúbbmeistaratitli við hlið föður síns, en hún er aðeins 14 ára gömul.

Titlaóður Örlygur

Örlygur Helgi Grímsson varð klúbbmeistari GV í 15. sinn í ár. Enginn kylfingur á fleiri klúbbmeistaratitla GV en Örlygur Helgi. Sveinn Ársælsson kemur næstur með 14 titla. Örlygur vann sinn fyrsta klúbbmeistaratitil árið 1999. Hann vann þá m.a. þrjú ár í röð á árunum 2004-2006 og fimm ár í röð á árunum 2011-2015. Í ár varði hann klúbbmeistaratitil sinn frá því á síðasta ári. ■



EM stúlknaandsliða á Urriðavelli

Ólafur Pálsson, kylfingur.is

Það var sannkölluð golfhátíð á Urriðavelli Golfklúbbsins Odds dagana 5.-9. júlí sl. en Evrópumót stúlknaandsliða fór fram á vellinum. Þetta var í fyrsta sinn sem mótið fer fram á Íslandi en Evrópumót kvennalandsliða fór fram á sama velli árið 2016.

Keppnisfyrirkomulag á Evrópumótum landsliða er með þeim hætti að fyrstu tvo keppnisdagana er leikinn höggleikur þar sem fimm lægstu skorin hjá hverju liði telja. Liðunum er þá raðað upp í riðla eftir árangri í höggleiknum þar sem átta efstu liðin leika í holukeppni í A-riðli um sjálfan Evrópumeistaratitilinn og önnur lið leika í holukeppni í riðlum og um önnur sæti þar fyrir neðan. Þannig var í B-riðli leikið um 9.-15. sæti og í C-riðli um 16.-18. sæti.

Lið Frakklands kom sá og sigraði í A-riðli og er Evrópumeistari stúlknaandsliða 2022. Frakkland varð síðast Evrópumeistari stúlknaandsliða árið 2014. Frönsku stúlkurnar sigruðu þær sænsku í hörkuspennandi úrslitaleik, 4-3. Þá sigraði lið Þýskalands lið Englands í leik um þriðja sætið, sömuleiðis 4-3.

Lið Íslands hafnaði í 17. sæti á mótinu en var aðeins þremur höggum frá því að radast í B-riðil. Ragnhildur Kristinsdóttir, liðstjóri stúlknaandsins, sagði í stuttu spjalli við kylfing.is að stelpurnar hefðu öðlast dýrmæta reynslu á mótinu. „Það er allt önnur tilfinning sem fer um líkamann að keppa á Evrópumóti landsliða á heimavelli en þegar mótið er erlendis. Ég vissi strax að þetta væri mjög samstilltur hópur sem var kominn þarna saman og það sást á hverjum degi. Að vera einungis þremur höggum frá því að komast í B-riðil sýnir hvað við höfum bætt okkur á síðustu 12 mánuðum. Allir leikirnir sem við lékum í holukeppninni voru spennandi og gátu farið á hvaða veg sem er. Við fengum að spila með Frökkum og Spánverjum í höggleiknum sem var frábær reynsla fyrir stelpurnar. Þar fengu þær að sjá hvernig þær bestu í Evrópu spila. Það jók svo á stressið og spennuna að vita að margir af bestu háskólaþjálfurunum voru að fylgjast með þessum kylfingum. Þeir þjálfarar sem ég þekki og talaði við, voru hrifnir af því sem þær sáu frá okkar stelpum og hrósuðu starfinu sem er hér á Íslandi, sérstaklega eftir að þeir sáu



Stúlknaíð Frakklands fagnaði sigri á EM á Urriðavelli. Ljósmynd: Helga Björnsdóttir MYND/GSI

Riðlaskipting eftir höggleik

A-riðill:

Frakkland – 726 högg
England – 731 högg
Svíþjóð – 732 högg
Spánn – 741 högg
Þýskaland – 747 högg
Danmörk – 761 högg
Belgía – 762 högg
Tékkland – 763 högg

B-riðill:

Írland – 763 högg
Ítalía – 765 högg
Holland – 774 högg
Sviss – 788 högg
Skotland – 788 högg
Portúgal – 789 högg
Finnland – 801 högg

C-riðill:

Ísland – 804 högg
Austurríki – 808 högg
Slóvakía – 811 högg

veðrið. Fyrir mig persónulega var mjög skemmtilegt að vera í öðru hlutverki og vera með stelpunum og fá að deila aðeins minni reynslu af alþjóðlegum mótum.“

Aðstæður á Urriðavelli voru verulega krefjandi á lokadegi mótsins en keppni var m.a. frestað um eina klukkustund vegna veðurs. Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmda-



Hér voru tíu stelpur með +5 eða lægri forgjöf og við fengum að sjá níu hringi á fyrstu tveimur keppisdögum í höggleiknum sem voru undir pari.

Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GO

stjóri Golfklúbbsins Odds, segir að þrátt fyrir að hið séríslenska sumarveður hafi minnt á sig á köflum þá hafi tekist vel til með framkvæmd mótsins.

„Jú, það voru allir virkilega ánægðir með framkvæmdina. Veðrið setti vissulega eilítið strík í reikninginn en það hafði ekki áhrif á úrslit mótsins. Við þurftum að fresta leik í u.þ.b. klukkustund á lokadeginum vegna mikils hvassviðris, þar sem boltarnir áttu það til að ná ekki að stöðvast á nokkrum flötum – þannig töldum við völluminn

ekki leikhæfan. Það lægði þegar leið á lokadaginn, úrslitaleikirnir fóru fram án vandkvæða og á seinni níu holunum í sjálfum úrslitaleiknum um Evrópumeistaratitilinn var veður orðið alveg þrýðilegt. Við fengum að sjá hörkuspennandi úrslitaleik og heilt yfir á mótinu virkilega gott golf.“

Er hægt að bera Evrópumót stúlknaandsliða í ár saman við Evrópumót kvennalandsliða árið 2016? „Já, þrátt fyrir erfiðar aðstæður á köflum sáum við að mörgu leyti betra golf í ár en fyrir sex árum. Hér voru tíu stelpur með +5 eða lægri forgjöf og við fengum að sjá níu hringi á fyrstu tveimur keppisdögum í höggleiknum sem voru undir pari. Þrjár stúlkur skoruðu undir 70 og þar af var ein sem fór hringinn á 66 höggum. Það má segja að getustigið hafi verið hærra í ár en á Evrópumóti kvennalandsliða 2016. Það kemur svolítið á óvart en segir okkur hversu þróunin í golfinu er hröð og hvað þessir ungu kylfingar eru orðnir góðir snemma á sínum ferli. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu okkur lið kærlega fyrir, án þeirra hefði framkvæmdin aldrei gengið upp. Þá vil ég þakka öllum sem lögðu leið sína á Urriðavöll fyrir komuna. Ég vona að allir hafi skemmt sér vel,“ segir Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri GO, að lokum. ■

Efnilegir kylfingar á R&A Junior Open

Ólafur Pálsson kylfingur.is

Þau Markús Marelsón úr GK og Fjöla Margrét Viðarsdóttir úr GS léku á R&A Junior Open, sem fram fór á Monifieth vellinum í Skotlandi dagana 11.-13. júlí. Þeim golfsamböndum sem heyrna undir R&A er boðið að senda leikmenn 16 ára og yngri í mótið en mótið fer alltaf fram á velli nærri keppnisvelli sjálfs Opna mótsins, síðasta risamóts ársins, en Opna mótið hófst á sjálfum St.



Markús Marelsón og Fjöla Margrét Viðarsdóttir. MYND/GSI

Andrews í Skotlandi á fimmtudag. Á mótinu voru leiknir þrjú hringir og var skorin niður eftir fyrstu tvo keppnisdagana. Markús komst í gegnum niðurskurðinn en hann var jafn í 33. sæti eftir fyrstu tvo hringina. Markús gerði sér lítið fyrir og lék lokahringinn á 71 höggi eða á 1 höggi undir pari vallarins og reif sig

upp um nokkur sæti. Hann hafnaði að lokum í 25.-30. sæti á mótinu á 12 höggum yfir pari sem verður að teljast þrýðilegur árangur. Markús er 15 ára gamall en hann er með 0,2 í forgjöf. Á lokahringnum fékk hann fjóra skolla, þrjú fugla og einn glæsilegan örn.

Fjöla Margrét var aðeins tveimur

höggum frá niðurskurðinum en hún lék fyrstu tvo hringina á 23 höggum yfir pari. Fjöla Margrét er með 3,0 í forgjöf og er 15 ára líkt og Markús. Virkilega flottur árangur hjá þessum efnilegu kylfingum.

Það var heimapilturinn, Connor Graham, sem sigraði á mótinu á 15 höggum undir pari. ■

Golfréttir og umfjöllun alla daga



Ólafur Pálsson olafur@vf.is - Páll Ketilsson pket@vf.is

Kjarvalsstóllinn



HÖNNUN: SVEINN KJARVAL

Skeifan 6 / Kringlan / Smáralind / Laugavegur 7 / 5687733 / www.epal.is

Sveinn Kjarval hannaði Kjarvalstólinn árið 1962 fyrir Kaffi Tröð sem staðsett var í Austurstræti.

Verð kr. 139.800.-



Leituðu þæginda í heimi hörmunga



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Sýning á teppalistaverkum hjónanna Óskars Hallgrímssonar og Mariiku Lobyntseva verður opnuð í Gallery Porti í dag. Verkin urðu til á fyrstu mánuðum innrásar Rússa í Úkraínu.

Óskar Hallgrímsson og Mariika Lobyntseva opna sýninguna Comfortable Universe – Ljómandi þægilegt í Gallery Porti í dag. Um er að ræða handsaumuð teppalistaverk úr ull og akril sem eru unnin í Úkraínu í kjölfar innrásar Rússa, nánar tiltekið á vinnustofu þeirra hjóna í miðborg Kænugarðs.

Óskar: „Við bjuggum Comfortable Universe-verkefnið til í fyrra sem svar við Covid. Covid var svona þínu eins og stríð hjá okkur af því við vorum bara í samkomubanni eftir samkomubann eftir samkomubann. Við vildum búa til heim sem væri laus við allar takmarkanir og maður mátti koma við. Allar myndirnar eru svona knúsumyndir, það er allt ofsalega hlýlegt og þægilegt, allar áhyggjur horfnar. Það á líka við þegar þú ert í stríði og þú vilt geta komist burt úr þínum raunheimi.“

Leituðu skjóls inni á baðherbergi Hjónin eru bæði myndlistarmenn og starfa í ýmsum miðlum, Óskar sem ljósmyndari og Mariika sem tattúlistamaður. Mariika segir að fyrstu mánuði stríðsins hafi henni reynst efnitt að skapa list.

Mariika: „Fyrstu mánuðina teiknaði ég eiginlega ekkert. Ég var bara í einhvers konar transi. Þegar það voru miklar loftárásir þá faldi ég mig á baðherberginu okkar og spilaði heimskulega leiki á iPadinn minn. Þannig tókst ég á við ástandið.“

Íbúð Óskars og Mariiku er á 8. hæð í blokk í miðbæ Kænugarðs. Þegar loftvarnarflauturnar glumdu í höfuðborginni leituðu þau skjóls inni á baðherberginu í stað þess að hlaupa alla leið niður í sprengju-skýli.

Óskar: „Við eyddum svo miklum tíma inni á þessu baðherbergi. Okkur leið virkilega öruggum þar, það var hljóðlát og þægilegt. Mariika fór stundum þangað inn þrátt fyrir að það væri ekkert í gangi. Þegar henni leið illa þá fór hún bara þangað og spilaði tölvuleikinn sinn á milljón, þótt það væru engar sprengjur. Þetta var bara þannig umhverfi að okkur leið vel og sýningin endurspeglar það.“

Leyniskyttur hjá vinnustofunni Þegar stríðið hafði staðið yfir í einhverjar vikur átti Mariika listræna uppgötvun og teiknaði úkraínska



Óskar segir að þau Mariika hafi viljað búa til heim sem væri laus við allar takmarkanir, þar sem allt væri hlýlegt og þægilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

skjaldarmerkið og birti á Instagram-síðu sinni.

Mariika: „Ég ákvað að stílfæra það í mínum eigin stíl, teiknaði það með blómum og fólk brást mjög vel við því. Ég geri líka tattú og fólk skrifaði ítrekað til mín og vildi fá það sem tattú. Ég held að þessi viðbrögð hafi hvatt mig til að teikna meira.“

Hjónin eru með vinnustofu í um tíu mínútna göngufjarlægð frá heimili sínu sem var lokað fyrstu vikur stríðsins. Beint fyrir framan vinnustofuna var nefnilega stór eftirlitsstöð úkraínska hersins og vegatálmár sem hindruðu aðgang að miðbæ Kænugarðs þar sem ýmsar mikilvægar byggingar á borð við forsetahöllina eru staðsettar.



Covid var svona þínu eins og stríð hjá okkur af því við vorum bara í samkomubanni eftir samkomubann eftir samkomubann. Við vildum búa til heim sem væri laus við allar takmarkanir og maður mátti koma við.

Óskar Hallgrímsson

List á hörmungatímum

Óskar og Mariika eru sammála um að það hafi verið gott að byrja aftur að vinna og skapa list til að fá smá pásu frá stríðinu. Spurð um hvort það sé pláss fyrir list á svona hörmungatímum segir Óskar:

„Sýningin endurspeglar í raun hvernig í staðinn fyrir að flýja inn í nýjan heim þá klæddum við raunheiminn inn í okkar heim. Eitt af verkunum sem við erum með er hereftirlitsstöð. En hún er full af blómum og ógeðslega krúttleg og þannig. Það er kall að kasta mólotovkokteil en hann er ógeðslega kjútt og mólotovkokteillinn er bara með bleikan eld.“

Í fyrra voru hjónin með sýninguna Nokkuð þægilegt í Gallery Porti og segjast þau hafa þælt mikið í því hvernig hægt sé að finna öryggi og þægindi í hættulegum heimi, fyrst í gegnum Covid og svo stríðið.

Óskar: „Hvað er þægilegt, hvað er það fyrir okkur? Það er ekki bara kósi, það er þessi tilfinning þegar við erum örugg. Það er það sem við erum að sækja í. Við upplifðum okkur örugg þegar við sáum þessar eftirlitsstöðvar. Við vorum ekki hrædd, við hugsuðum: Gott, nú erum við örugg. Tilfinningin með andófi, með því að sjá þjóðina taka sig saman, það er líka öryggi.“

Sýningin Ljómandi þægilegt stendur yfir í Gallery Porti til 31. júlí. Ítarlegra viðtal við Óskar og Mariiku má finna í Helgarblaðinu á síðu 28. ■

Verkin urðu til á vinnustofu Óskars og Mariiku í miðborg Kænugarðs sem var á tímabili lokað af úkraínska hernum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Áður óþekkt verk eftir van Gogh fannst aftan á striga

tsh@frettabladid.is

Áður óþekkt verk eftir Vincent van Gogh uppgötvaðist falið aftan á öðru verki eftir hollenska meistaran í National Galleries í Skotlandi á dögunum. Um er að ræða sjálfsmynd af listamanninum sem hann málaði aftan á striga verksins Höfuð almúgakonu frá 1885 og uppgötvaðist við röntgenskodun.

Til stendur að sýna verkin í National Galleries á sýningunni Með smekki fyrir impressjónisma í sumar og munu gestir safnsins geta skoðað hið hulda verk í gegnum sérstakt ljósabox sem verður staðsett í miðju sýningarrýminu.

Prófessor Frances Fowle, yfirsýningarstjóri franskra listar hjá National Galleries, lýsir fundinum

sem einstökum og sjaldgæfum.

„Við höfum uppgötvað áður óþekkt verk eftir Vincent van Gogh, einn mikilvægasta og vinsælasta listamann heims. Þetta er ótrúleg gjöf fyrir Skotland og eitthvað sem mun verða varðveitt að eilífu hjá National Galleries. Við erum full eftirvæntingar að sýna þessa spennandi uppgötvun á sumarsýningunni okkar. Með smekki fyrir impressjónisma, hvar röntgenmyndin af sjálfsmyndinni mun verða aðgengileg öllum,“ segir hún.

Hin áður óþekkt sjálfsmynd var falin í rúm 100 ár aftan á striganum bak við mörg lög af limi og pappa. Sérfræðingar National Galleries telja að verkið hafi verið falið áður en myndin Höfuð almúgakonu var sett á sýningu í byrjun 20. aldar. Van



Yfirforvörður National Galleries, Lesley Stevenson, ber Höfuð almúgakonu saman við hina nýuppgötvaðu sjálfsmynd. MYND/NEIL HANNA

Gogh endurnytti gjarnan strigana sem hann málaði á til að spara pening. Í stað þess að mála yfir eldri verk sneri hann þeim einfaldlega við og málaði á bakhlið þeirra.

Talið er að mögulegt verði að afhjúpa sjálfsmyndina en ferlið mun taka langan tíma og krefjast mikillar varfærni til að skemma ekki málverkin tvö. Þangað til munu gestir safnsins geta virt fyrir sér hina huldu sjálfsmynd í gegnum röntgen.


Ástand sjálfsmyndarinnar er ekki vitað en ef tekst að afhjúpa hana er buist við því að hún muni varpa nýju ljósi á líf og störf van Gogh. Talið er að myndin hafi verið máluð síðar en Höfuð almúgakonu á lykiltímabili í lífi listamannsins eftir að hann flutti til Parísar og komst í kynni við verk impressjónistanna. ■



FISKISLÓÐ 53-55, 101 REYKJAVÍK

VILTU BREYTA TIL?

TIL SÖLU ÞEKKTASTA JÓGASTÚDÍÓ LANDSINS, ÁSAMT ÖLLUM BÚNAÐI OG TÆKJUM.



- › 550 FM JARÐHÆÐ
- › NÆG BÍLASTÆÐI
- › MIKIL LOFTHÆÐ
- › SANNGJÖRN LEIGA

Jógastöðin Sólir hefur skapað sér sem nafn sem framúrskarandi setur sem er ekki einungis vinsælt hérlendis, heldur á alþjóðlegan mælikvarða.

Í Sólum Jógastúdíói er boðið upp á fjölbreytta jógatíma, námskeið, ráðgjöf, orkuvinnu (KAP), vinnustofur og viðburði.

Í stundaskrá er að finna fjöldan allan af tímum í heitu jóga, að viðbættu grunnjóga í úpphituðum sal, karlajóga, yin jóga (teygjur), jóga nidra (djúpslökun), hugleiðslu og tónheilun (s.s. gong, hljóðskálar og fl.).

Í Sólum eru að auki köld böð, sem hafa reynst frábærlega við hinum ýmsu kvillum, bæði andlegum og líkamlegum s.s. kvíða og bólgum í líkamanum.



ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR

Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

Hannes@fastlind.is

LIND

FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is



Neonguli liturinn á kjólnum naut sín vel á fyrirsætu sem skartaði bleiku hári. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**



Bleiki liturinn var áberandi hjá Valentino þetta árið, enda einn af helstu tiskulitum ársins.



Valentino-rauði liturinn birtist í rósum á skónum og tónar skemmtilega við lime-græna tiskulitinn í mittis-lindanum.



Silfrað glitrandi efni vakti athygli í línunni þetta árið og vísar ef til vill í aldamótatískuna sem snúið hefur aftur af krafti.



Valentino Garavani kveikti sér í sígarettu í Lundúnaheim-sókn árið 1968. Heimsóknin var í aðdraganda tiskusýningar á vetrarlinu Valentino, á Savoy-hótelinu tveimur dögum eftir að ljós-myndarinn Ron Case smelti af þessari mynd.

Söguleg sýning á Spænsku þrepunum

Valentino er heimsþekkt lúxus-fatamerki ítalska fatahönnuðarins Valentino Garavani. Tiskuhúsið sýndi haust- og vetrarlinuna á flughálum Spænsku þrepunum í Róm á dögum og lagði línur hverra áhrifa mun vafalaust gæta um tiskuheiminn gervallan næstu misseri.

ninarichter@frettabladid.is

Valentino er fæddur árið 1932 og nefndur eftir einni fremstu stjörnu þöglu myndanna, Rudolph Valentino. Það má ætla að glamúrinn hafi fylgt hönnuðinum frá fyrstu tíð. Valentino gekk í fremstu listaskóla Evrópu, í Milánó og í París. Hann stofnaði Valentino-tiskuhúsið í Róm árið 1959 með kærasta sínum, viðskiptamanninum Giancarlo Giammetti. Þeir voru þar í 12 ár og þrátt fyrir sambandsslitin hafa þeir unnið saman allar götur síðan. Valentino heimsfrumsýndi fyrstu línuna árið 1962 við góðan orðstír og hefur frá þeim tíma verið í flokki fremstu hönnuða.

Pierpaolo Piccoli gekk til liðs við tiskuhúsið árið 1999. Hann tók við

sem listrænn stjórnandi árið 2008 og leysti af Alessöndru Facchinetti sem gegnt hafði stöðunni í eitt ár. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Milánó en listræn stjórnun fer fram í Róm.

Línan var sýnd á hinum flughálu Spænsku þrepum í Róm sem Vogue lýsir sem frægum sýningarstað fyrir hátt erfiðleikastig í framsetningu, bæði vegna þess að erftitt sé fyrir módelin að ganga þar niður og einnig vegna þess hvernig íburðarmikið umhverfið getur drekkt sjónrænum áhrifum fatnaðarins. Tiskusýningar á þrepunum eiga sér langa sögu en á bilinu 1986–2003 fór þar fram árleg samsýning ítölsku tiskuhúsanna, Donna Sotto le Stelle, sem sjónvarpað var í beinni útsendingu.

„Þetta er persónuleg lína vegna þess að hún snýst svo mikið um sögu Valentino-merkisins,“ sagði Piccoli á blaðamannafundi í kjölfar sýningarinnar. Athygli vekur að 120 hönnunarnemum var boðið að vera viðstaddir sýninguna en Piccoli lýsti því hversu mikilvæg ítalska samsýningin forðum hafði verið fyrir hann sem ungan hönnuð og vildi því leyfa yngri kynslóðinni að fá innblástur úr bestu sætunum. ■



Hreinir litir og gólfsíð snið voru áberandi í haust- og vetrarlinunni.



Viðu sniðin eru enn á sínum stað eftir sterka innkomu í heimsfaraldrinum.



Margar fyrirsætur báru íburðarmikið fjaðraskraut á Spænsku þrepunum.



FINNUR ÞÚ GULLMIÐANN?



Er kominn ferðahugur í þig?

Við erum búin að fela þrjá gullmiða í rjómasúkkulaðinu okkar. Gullmiðinn gæti því leynst með uppáhalds súkkulaðinu þínu og þú gætir unnið 100.000 kr. ferðavinning frá Icelandair!

Sírius rjómasúkkulaði, gulli betra!

ICELANDAIR



Ágústa efast ekki um glöggskyggni Geirs

Frétt vikunnar

Ágústa Eva Erlendsdóttir

ragnarjon@frettabladid.is

Ágústa Eva Erlendsdóttir, söngkona og leikkona, tilnefni Geir Sveinsson og tilvonandi stöðu hans sem bæjarstjóra Hveragerðis sem frétt vikunnar.

Sjálf segist Eva þekkja lítillega til Geirs en telur hann eiga góðan bakgrunn.

„Bróðir hans, Sveinn Sveinsson, og ég geri mér grein fyrir að þetta er kannski svolítið sveitalegt, er besti vinur þabba míns. Þannig að ég veit að hann er kominn af góðu fólki,“ segir Ágústa sem list vel á nýja bæjarstjóran.

„Ég hef bara tröllatru á þessu fólki sem var að fara yfir þessar umsóknir

þannig að ég get ekki trúað öðru.“ Ágústa segir einnig að hún telji Geir hafa góða reynslu sem gæti nýst honum í starfi.

„Svo hef ég líka heyrt að hafi verið rosalega duglegur að mennta sig og ku vera ansi snjall og svo byður hann af sér góðan þokka, svo við hlökkum til að fá hann hingað til starfa,“ segir Ágústa en til stendur að Geir hefji störf sem bæjarstjóri í ágúst. ■

Ágústa Eva Erlendsdóttir, söngkona og leikkona.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Melrakki og Galdráfluga í sækadelíu Ara Árelíusar

Ari Árelíus er tónlistarverkefni Ara Franks Ingussonar. Ari gaf út nýtt lag á dögunum, Melrakka, sem er hluti af plötu sem kemur út á föstudaginn sem ber titilinn Hiatus Terrae.

ninarichter@frettabladid.is

Tónlist Ara Árelíusar er blanda af gítartónlist og heimstónlist. „Þessi plata var undir þessum formerkjum, lókal glóbal. Það er að taka eitthvað sem er staðbundið og íslenskt og para það saman við heimstónlistarstefnuna, þó að ég sé ekki hrifinn af því hugtaki. En þetta er tónlist úr öllum áttum.“ Ari segist meðal annars vinna með mongólskan hálssöng. „Ég vil þannig búa til nýtt svið í hausnum á mér til að vinna út frá.“

Innblástur úr þjóðsögunum

Ari útskýrir að sér finnst gott að vinna músík út frá einhverjum stað. „Ég gerði þetta þannig og tók þessi tvö hugtök. Lókal í mínum huga er eitthvað íslenskt í kringum mig úr nærumhverfinu. Tónlistarhefðir Íslendinga, fimmundir og langspilið,“ segir hann. Ari kveðst hafa farið á Þjóðminjasafnið og skoðað íslenskar þjóðsögur til að sækja innblástur.

„Svo byrjaði ég að vinna og fann stað. Ég er með Íslandskort uppi á vegg þar sem má finna alls konar kynjaverur. Þetta er gamalt kort og lítur út fyrir að vera gert árið 1200. Þar er svæði sem heitir Hiatus terrae. Eitthvað sem er í upplausn. Öll lögin á plötunni eru þaðan og snúast um þetta svæði sem er óskilgreint af manningum,“ segir hann og bætir við að lögin á plötunni vísi í skepnur. „Melrakki og Galdráfluga. Orð sem mér finnst falleg.“

Svipar til Khruangbin

Ari segir tónlistina hafa þróast síðan fyrsta platan kom út árið 2018. „Fyrsta EP-platan er kannski meira sækadelískt rokk en gítarinn tekur svo meira við og er framar. Markhópurinn fyrir þessa plötu er fólk sem hefur gaman af djassi, sækadelískri tónlist og tónlist frá því um 1960, eins og til dæmis Shadows. Svo er smá trópikal, sem svipar til Khruangbin.“

Aðspurður um neistann sem varð að tónlistarferli, segist Ari hafa hlustað á Beastie Boys þegar hann var lítill. „Svo fékk ég mér bassa fyrir fermingarpengana og fór í gegnum það allt. Ég átti allar Metallica-plöturnar. Frændi minn og frænka voru í Bloodgroup og ég kynntist Ableton í gegnum þau.“

Ableton er hljóðvinnsluforrit í fremsta flokki. Bloodgroup var



Tónlistin sem Ari Frank gefur út undir merkjum Ara Árelíusar er blanda af gítartónlist og heimstónlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fjögurra manna band sem starfaði á bilinu 2009 og 2013 og sló í gegn bæði hér heima og erlendis. Í upprunalegu mannaskipaninni voru systkinin Ragnar, Lilja og Hallur Jónsbörn frá Egilsstöðum og fær-eyski pródúserinn Janus Rasmusen.


Heimspækin birtist alls staðar

„Ég bjó á Egilsstöðum og flutti svo aftur í bæinn. Ég var alltaf að semja tónlist en gaf aldrei neitt út. Ég álpaðist í FÍH og tók svo próf á gítar. Svo tók ég BA-gráðu í heimspæki,“ segir Ari. Það mætti ætla að slík menntun sé nánast sérhæfing í sækadelískri tónlist.

Aðspurður hvort hann nýti heimspækimenntunina markvisst í tónsmíðunum svarar Ari: „Hún birtist alls staðar, án þess að maður sé beint ráðinn í vinnu út á hana. Það er gaman að vinna músík út frá konseptjúal forsendum og það er ákveðin rannsóknarvinna sem maður fer í.“ ■

SIMBA

HYBRID[®] PRO



1. Einstök öndun í áklæðinu
2. Ofnæmisprófað ullarlag
3. Aukið loftflæði með SIMBATEX svampi
4. Tvöfalt titánium gormakerfi fyrir fullkominn stuðning
5. Stuðningskantar allan hringinn
6. Margsvæða svæðaskipting

Stærð í cm

Fullt verð

90x200 cm

139.990 kr.

140x200 cm

179.990 kr.

160x200 cm

199.990 kr.

180x200 cm

219.990 kr.

Komdu og prófaðu!



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

ÚTISVÆÐIÐ 14. -16. JÚLÍ

Paparnir

Alvöru Papaball í útitjaldinu



HJARTA HAFNAR- FJARÐAR

ÚTISVÆÐI

**FRÍTT
INN**

Svæðið opnar kl 17

16. JÚLÍ

14. JÚLÍ



Siggi Hlö

Alvöru diskó í útitjaldinu

**FRÍTT
INN**

ball í útitjaldinu

Á móti sól

15. JÚLÍ



**FRÍTT
INN**

Svæðið opnar kl 17

Stærsti
Björgámur
í Evrópu
26 dætur
10 tegundir
af krana

**HAPPY
HOUR**
ALLAR HELGAR
TIL 20

Matarvagnar á staðnum
Björkort á frábæru verði
Stórskemmtilegt útisvæði með tjöldum, borðum og bekkjum
Opið allar helgar til kl 23

nánar á bæjarbíó.is og facebooksíðu Bæjarbíó



Kláraðu
pallinn
núna!

SUMAR
MARKAÐS-
DAGAR

25-50%

afsláttur af völdum vörum



Skannaðu
kóðann

Skoðaðu allt úrvalið af pallaefni hér

25%
afsláttur
af gagnvarinni furu

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

25%
afsláttur
af útileguvörum



25%
afsláttur
af handlaugar-,
sturtu- og
eldhústækjum



25%
afsláttur
af reiðhjólum



25%
afsláttur
af girðingaeiningum



25%
afsláttur
af timbur-
blómakössum



30%
afsláttur
af leikföngum



30%
afsláttur
af sumarblómum
og jurtum



30-50%
afsláttur
af garðhúsgögnum



Skannaðu kóðann og
skoðaðu tilboðin á byko.is



**VIÐ ERUM
HANDHAFI
KUDUNGSINS**



Bakþankar

Óttars
Guðmundssonar



Talnatungumálið

Fyrir mörgum árum las ég fram-
tíðarskáldsögu þar sem fólk gerði
sig skiljanlegt með tölustöfum.
Eiginleg tungumál voru horfin en
öll samskipti byggðust á tölum sem
smám saman tóku öll völd. Hópur
afturhaldssegga vildi ríghalda í hið
talaða orð og barðist við tölufólkið
en tapaði.

Mér fannst það skemmtileg
hugmynd að tjá sig með tölum.
Málstöðvar heilans eru á allt öðrum
stað en talnaminni og reiknihæfi-
leikar. Tilfinningar verða út undan
því að þær tengjast illa stjórnerf-
um talna í heilanum. Talnafólkið
gat hvorki elskað, hatað né grátið
sem auðvitað er augljós kostur í
hörðum heimi.

Þessi saga rifjaðist upp á dög-
unum þegar vísinda-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðherrann auglýsti
eftir nýjum starfskrafti í ráðu-
neytið. Auglýsingin var á ensku
enda ekki gerðar neinar kröfur
um íslenskukunnáttu. Ráðherra
vísinda hafði greinilega lesið sömu
vísindaskáldsögu og ég því að hún
sagði í viðtali að viðkomandi starfs-
maður ætti fyrst og fremst að fást
við tölur og þyrfti ekki að kunna
önnur tjáningarform. Þessi starfs-
kraftur átti því að spjalla við vinnu-
félaga sína og gesti ráðuneytisins
á talnamáli eins og í skáldsögunni
forðum. Svona framtíðarhugmynd
hæfir vel ráðherra nýsköpunar-
mála.

Það er leitt að nöldurseggir
sjái ekki snilldina í þessari nýju
tilhögun. Þeir segja að brotið sé á
íslenskunni. En hvað gerir það til
þegar fólk talar einungis saman
með tölum? Það er augljós bónus að
losna í leiðinni við tilfinningar eins
og öfund, afbryðisemi, ást og reiði
úr ráðuneytinu. Það er ómetanlegt
fyrir hina fámennu íslensku þjóð að
eiga svona framsýnan nýsköpunar-
ráðherra sem lifir í óraunveruleika
framtíðarskáldsögunnar. ■

Sigraðu
innkaupin
fyrir
útileguna



nettó



Dynjandi gleði í allt sumar!

Veldu þínar **4 ferðavikur** og tankaðu með **26 kr. afslætti**
vitt og breitt um landið með Orkulyklinum! Allir sem skrá
sig fá ferðapakka fyrir sumarið sem einfaldar lífið á
ferðalaginu. Skráðu þig á orkan.is.

Orkan — fyrir ferðalagið

